

155. löggjafarþing 2024–2025.
Þingskjal x — x. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Frá félags- og vinnumarkaðsráðherra

1. gr.

Markmið þessara laga er að styrkja mannréttindi fatlaðs fólks og tryggja að fatlað fólk njóti til fulls allra mannréttinda og geti tekið virkan þátt í samfélaginu til jafns við aðra.

2. gr.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur lagagildi hér á landi. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með lögum þessum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM RÉTTINDI FATLAÐS FÓLKS

Formálsorð

Ríki, sem eiga aðild að samningi þessum,

- sem minnst meginreglna, sem kunngerðar eru í Stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar sem eðlislæg reisin og verðleikar og jöfn og óafsalanleg réttindi alls fólks eru viðurkennd sem undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum
- sem viðurkenna að Sameinuðu þjóðirnar hafa kunnbert og samþykkt í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og alþjóðasamningunum um mannréttindi, að allt fólk eigi rétt til allra þeirra réttinda og frelsis sem þar er að finna án greinarmunar af nokkru lagi,
- sem áréttu að öll mannréttindi og grundvallarfrelsi eru algild, ódeilanleg, innbyrðis háð og samtvinnuð og áréttu nauðsyn þess að tryggja að fatlað fólk njóti þeirra að fullu án mismununar,

- d) *sem minnst* alþjóðasamningsins um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, alþjóðasamningsins um afnám alls kynþáttamisréttis, samningsins um afnám allrar mismununar gagnvart konum, samningsins gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, samningsins um réttindi barnsins og alþjóðasamningsins um verndun réttinda allra farandlaunþega og fjölskyldumeðlima þeirra,
- e) *sem viðurkenna* að hugtakið fötlun er í þróun og að fötlun er afsprengi samspils milli fólks með skerðingar annars vegar og umhverfis og viðhorfa hins vegar sem hindra fulla og árangursríka samfélagsþátttöku þess til jafns við aðra,
- f) *sem viðurkenna* mikilvægi meginreglna og stefnumótandi leiðbeininga, sem felast í Alþjóðlegu framkvæmdaáætluninni í þágu fatlaðs fólks og í Meginreglunum um jöfnun tækifæra fyrir fatlað fólk, fyrir eflingu, mótun og mat á stefnum, fyrirætlunum, áætlunum og aðgerðum innanlands, á tilteknum svæðum og á alþjóðavettvangi, í því skyni að jafna enn frekar tækifæri fötluðu fólki til handa,
- g) *sem leggja áherslu á* mikilvægi þess að samþætta málefni er varða fötlun sem óaðskiljanlegan þátt í viðeigandi áætlunum um sjálfbæra þróun,
- h) *sem viðurkenna einnig* að mismunun gagnvart sérhverjum einstaklingi á grundvelli fötlunar brýtur gegn eðlislægri reisn og verðleikum manneskjunnar,
- i) *sem viðurkenna enn frekar* margbreytileika fatlaðs fólks,
- j) *sem viðurkenna* nauðsyn þess að efla og vernda mannréttindi alls fatlaðs fólks, þar með talið þess sem þarf mikinn stuðning,
- k) *sem hafa af því áhyggjur* að þrátt fyrir þá margvíslegu gerninga og skuldbindingar sem áður getur er samfélagsþátttaka fatlaðs fólks sem jafn rétthárra borgara í samfélaginu hindruð og mannréttindi þess brotin í öllum heimshlutum,
- l) *sem viðurkenna* mikilvægi alþjóðasamstarfs í því skyni að bæta lífsskilyrði fatlaðs fólks í öllum löndum, einkum þróunarlöndum,
- m) *sem viðurkenna* hið mikilvæga framlag sem fatlað fólk innir eða gæti innt af hendi til almennrar velsældar og margbreytni innan samfélaga þess og að efling mannréttinda og grundvallarfrelsis auk fullrar þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu muni leiða til aukinnar tilfinningar þess fyrir því að tilheyra samfélaginu og til verulegra framfara í mannlegri, félagslegri og efnahagslegri þróun samfélagsins og til útrýmingar fátæktar.
- n) *sem viðurkenna* mikilvægi sjálfræðis og sjálfstæðis fyrir fatlað fólk, þar með talið frelsis til að taka eigin ákvarðanir,
- o) *sem telja* að fatlað fólk eigi að hafa tækifæri til að taka virkan þátt í ákvarðanatökufæri um stefnur og áætlanir, meðal annars þær sem varða það með beinum hætti,"
- p) *sem hafa áhyggjur* af erfiðum aðstæðum fatlaðs fólks sem sætir fjölþættri eða aukinni mismunun á grundvelli kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungumáls, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðlegs, þjóðernislegs eða félagslegs uppruna eða frumbyggjauppruna, eigna, ætternis, aldurs eða annarrar stöðu,"

- q) *sem viðurkenna að fatlaðar konur og stúlkur eru oft í meiri hættu, innan heimilis sem utan, á að verða fyrir ofbeldi, skaða eða misþyrmingum, vanrækslu eða hirðuleysi, illri meðferð eða misnotkun í gróðaskyni*
- r) *sem viðurkenna að fötluð börn eigi að njóta til fulls allra mannréttinda og grundvallarfrelsis til jafns við önnur börn og minnast skyldna til þess sem aðildarríki samningsins um réttindi barnsins hafa undirgengist,"*
- s) *sem leggja áherslu á nauðsyn þess að innleiða kynjasjónarmið í allar aðgerðir sem ætlað er að ná fram fullum mannréttindum og grundvallarfrelsi fatlaðs fólks,*
- t) *sem vilja draga fram þá staðreynd að meirihluti fatlaðs fólks býr við fátækt og viðurkenna í því sambandi að knýjandi þörf er á að vinna gegn neikvæðum áhrifum fátæktar á fatlað fólk,"*
- u) *sem hafa hugfast að friður og öryggi sem byggist á fullri virðingu fyrir tilgangi og meginreglum Stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem og virðingu fyrir gildandi mannréttindagerningum er forsenda þess að fatlað fólk njóti fullrar verndar, einkum þegar vopnuð átök standa yfir og undir erlendu hernámi,*
- v) *sem viðurkenna mikilvægi aðgengis fatlaðs fólks að efnislegu, félagslegu, efnahagslegu og menningarlegu umhverfi sínu, að heilbrigði og menntun og að upplýsingum og samskiptamiðlum til þess að gera því kleift að njóta að fullu allra mannréttinda og grundvallarfrelsi,*
- w) *sem gera sér ljóst að sérhver einstaklingur ber skyldur gagnvart öðrum einstaklingum og samfélaginu sem hann eða hún tilheyrir og ber þar með ábyrgð á að berjast fyrir eflingu og framgangi þeirra réttinda sem viðurkennd eru í alþjóðaréttindaskránni,*
- x) *sem eru þess fullviss að fjölskyldan er hin eðlilega frumeining samfélagsins sem samfélagi og ríki ber að vernda og að fatlað fólk og fjölskyldur þess eigi að fá nauðsynlega vernd og aðstoð til þess að gera fjölskyldum kleift að leggja sitt af mörkum til þess að fatlað fólk geti notið réttinda sinna til fulls og til jafns við aðra,*
- y) *sem eru þess fullviss að víðtækur og heildstæður alþjóðasamningur, sem ætlað er að efla og vernda réttindi og mannlega reisn fatlaðs fólks, muni verða mikilvægt framlag til þess að bæta úr rótgróinni félagslega erfiðri stöðu fatlaðs fólks og muni efla þátttöku þess sem borgara og á vettvangi stjórn mála, efnahagsmála, félagsmála og menningarmála til jafns við aðra, bæði í þróunarlöndum og iðnríkjum,*

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Markmið

Markmiðið með samningi þessum er að efla, verja og tryggja að allt fatlað fólk njóti til fulls og til jafns við aðra allra mannréttinda og grundvallarfrelsis og að efla virðingu fyrir eðlislægri reisn þess.

Til fatlaðs fólks teljast m.a. þau sem eru með langvarandi líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun og sem verða fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra.

2. gr.
Skilgreiningar

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

„Samskipti“ taka til tungumála, framsetningar texta, punktaleturs, snerti tákna máls, stækkaðs leturs, aðgengilegrar margmiðlunar, einnig ritmáls, talmáls, auðskilins máls, talgervla og aukinna og óhefðbundinna samskiptaleiða, -máta og -forms, meðal annars aðgengilegra upplýsinga- og samskiptatækni,

„tungumál“ tekur til talaðs máls og tákna máls og annars konar máls sem ekki er talað,

„mismunun á grundvelli fötlunar“ merkir hvers konar greinarmun útilokun eða takmörkun á grundvelli fötlunar sem hefur þann tilgang eða þau áhrif að torvelda eða koma í veg fyrir að öll mannréttindi og grundvallarfrelsi séu viðurkennd, þeirra sé notið eða þau séu nýtt, á jafnréttisgrundvelli, á sviði stjórn mála, efnahagsmála, félagsmála og menningarmála, sem borgari eða á öðrum sviðum. Hugtakið tekur til mismununar í hvaða mynd sem er, þar með talið þegar fötluðu fólki er neitað um viðeigandi aðlögun,

„viðeigandi aðlögun“ merkir nauðsynlegar og viðeigandi breytingar og lagfæringar, sem eru ekki umfram það sem eðlilegt má teljast eða of íþyngjandi, þar sem þeirra er þörf í sérstöku tilviki, til þess að tryggt sé að fatlað fólk fái notið eða geti nýtt sér, til jafns við aðra, öll mannréttindi og grundvallarfrelsi,

„algild hönnun“ merkir hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu, sem allt fólk getur nýtt sér, að því marki sem mögulegt er, án þess að koma þurfi til umbreyting eða sérstök hönnun. „Algild hönnun“ á ekki að útiloka hjálpartæki fyrir tiltekna hópa fatlaðs fólks, þar sem þeirra er þörf.

3. gr.
Almennar meginreglur

Meginreglur samnings þessa eru eftirfarandi:

- a) virðing fyrir eðlislægri reisu, sjálfræði einstaklinga, þar með talið frelsi til að taka eigin ákvarðanir, og sjálfstæði einstaklinga
- b) bann við mismunun
- c) full og árangursrík þátttaka í samfélaginu án aðgreiningar,
- d) virðing fyrir fjölbreytni og viðurkenning á fötluðu fólki sem hluta af mannlegum margbreytileika og mannkyni
- e) jöfn tækifæri
- f) aðgengi
- g) jafnrétti á milli karla og kvenna
- h) virðing fyrir stigvaxandi getu fatlaðra barna og virðing fyrir rétti þeirra til að varðveita sjálfsmynd sína,

4. gr.
Almennar skuldbindingar

1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að efla og tryggja að fullu öll mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi á grundvelli fötlunar.

Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:

- a) að samþykkja alla viðeigandi löggjöf og ráðstafanir á sviði stjórnsýslu og aðrar ráðstafanir til að tryggja þau réttindi sem viðurkennd eru með samningi þessum,
 - b) að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal með lagasetningu, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin,
 - c) að taka mið af vernd og framgangi mannréttinda fatlaðs fólks við alla stefnumótun og áætlanagerð,
 - d) að aðhafast ekkert það sem fer í bága við samning þennan og sjá til þess að opinber yfirvöld og stofnanir vinni í samræmi við ákvæði hans,
 - e) að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að uppræta mismunun á grundvelli fötlunar af hálfu sérhvers einstaklings, samtaka eða einkaaðila,
 - f) að framkvæma eða gangast fyrir rannsóknum og þróun á algildri hönnun framleiðsluvara, þjónustu, tækja og aðstöðu í samræmi við 2. gr. samnings þessa, sem breyta þarf sem allra minnst og með sem minnstum tilkostnaði til þess að mæta sérstökum þörfum fatlaðs fólks, til að stuðla að framboði á þeim og notkun og til að stuðla að algildri hönnun í þróun staðla og leiðbeininga,
 - g) að framkvæma eða gangast fyrir rannsóknum og þróun á nýrri tækni, og sjá til þess að hún sé tiltæk og notuð, þar á meðal upplýsinga- og samskiptatækni, ferliaðstoð, búnaði og hjálpartækni sem henta fötluðu fólki, með áherslu á tækni á viðráðanlegu verði,
 - h) að láta fötluðu fólki í té aðgengilegar upplýsingar um ferliaðstoð, búnað og hjálpartækni, þar á meðal nýja tækni auk annarra tegunda aðstoðar, stuðningsþjónustu og búnaðar,
 - i) að efla hjálfun og þekkingu fagfólks og starfsfólks sem vinnur með fötluðu fólki á þeim réttindum sem eru viðurkennd með samningi þessum í því skyni að betrubæta þá aðstoð og þjónustu sem þau réttindi tryggja.
2. Að því er varðar efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi skuldbindur sérhvert aðildarríki sig til þess að gera ráðstafanir, eins og efni þess frekast leyfa og með þátttöku í alþjóðasamstarfi, eftir því sem þörf krefur, í því skyni að fyrrnefnd réttindi verði í einu og öllu virk í áföngum með fyrirvara um þær skuldbindingar samkvæmt samningi þessum sem verða nú þegar virkar í samræmi við alþjóðalög.
 3. Við þróun og innleiðingu löggjafar og stefnu við innleiðingu samnings þessa og við annað ákvörðunartökuferli varðandi málefni fatlaðs fólks, skulu aðildarríkin hafa náð samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar á meðal fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.
 4. Ekkert í samningi þessum hefur áhrif á ákvæði sem stuðla frekar að því að réttindi fatlaðs fólks verði að veruleika og lög aðildarríkis eða alþjóðalög, sem gilda gagnvart hlutaðeigandi aðildarríki, kunna að innihalda. Eigi skal takmarka eða víkja frá nokkrum mannréttindum og grundvallarfrelsi, sem eru viðurkennd eða gilda í aðildarríki að samningi þessum samkvæmt lögum, samningum, reglum eða venju, undir því yfirsikni að samningur þessi viðurkenni ekki slík réttindi eða frelsi eða viðurkenni þau í minna mæli.
 5. Ákvæði samnings þessa gilda alls staðar í sambandsríkjum án nokkurra takmarkana eða undanþága.

5. gr.

Jafnrétti og bann við mismunun

1. Aðildarríkin viðurkenna að allar manneskjur eru jafnar fyrir og samkvæmt lögum og eiga rétt á jafnri vernd og jöfnum ávinningi af lögum án nokkurra mismununar.
2. Aðildarríkin skulu banna hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar og tryggja fötluðu fólki jafna og árangursríka réttarvernd gegn mismunun af hvaða ástæðu sem er.
3. Aðildarríkin skulu, í því skyni að efla jafnrétti og uppræta mismunun, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fötluðu fólki standi viðeigandi aðlögun til boða.
4. Eigi ber að líta á sértækar aðgerðir, sem eru nauðsynlegar til þess að flýta fyrir eða ná fram raunverulegu jafnrétti fyrir fatlað fólk, sem mismunun í skilningi samnings þessa.

6. gr.

Fatlaðar konur

1. Aðildarríkin viðurkenna að fatlaðar konur og stúlkur verða fyrir fjölbættri mismunun og skulu gera ráðstafanir til þess að tryggja að þær fái notið til fulls allra mannréttinda og grundvallarfrelsis til jafns við aðra.
2. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fullu þróun, framgang og valdeflingu kvenna í því skyni að tryggt sé að þær geti nýtt sér og notið þeirra mannréttinda og grundvallarfrelsis sem samningur þessi kveður á um.

7. gr.

Fötluð börn

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að fötluð börn fái notið allra mannréttinda og grundvallarfrelsis til fulls og jafns við önnur börn.
2. Í öllum aðgerðum, sem snerta fötluð börn, skal fyrst og fremst hafa það að leiðarljósi sem er viðkomandi barni fyrir bestu.
3. Aðildarríkin skulu tryggja fötluðum börnum rétt til þess að láta skoðanir sínar óhindrað í ljós um öll málefni er þau varða, jafnframt því að sjónarmiðum þeirra sé gefið tilhlýðilegt vægi í samræmi við aldur þeirra og þroska og til jafns við önnur börn og veita þeim aðstoð þar sem tekið er viðeigandi tillit til fötlunar þeirra og aldurs til þess að sá réttur megi verða að veruleika.

8. gr.

Vitundarvakning

1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að samþykkja tafarlaugar, árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir:
 - a) til þess að koma á vitundarvakningu alls staðar innan samfélagsins, þar á meðal innan fjölskyldunnar, um fatlað fólk og að auka virðingu fyrir réttindum og manlegri reisn þess,

- b) til þess að vinna gegn staðalímyndum, fordómum og skaðlegum venjum sem tengjast fötluðu fólki, þar á meðal þeim sem tengjast kyni og aldri, á öllum sviðum lífsins,
 - c) til þess að efla vitund um getu og framlag fatlaðs fólks.
2. Meðal aðgerða í þessu skyni má nefna:
- a) að standa fyrir og vinna stöðugt að árangursríkum átaksverkefnum um vitundarvakningu hjá almenningi sem miða að því:
 - i. að gera almenning móttækilegan fyrir réttindum fatlaðs fólks,
 - ii. að styrkja jákvæða ímynd fatlaðs fólks og efla samfélagslega vitund um málefni þess,
 - iii. að stuðla að viðurkenningu á færni, verðleikum og getu fatlaðs fólks sem og á framlagi þess til vinnustaða sinna og vinnumarkaðarins
 - b) að ýta undir að á öllum sviðum menntakerfisins, þar með talið hjá öllum börnum frá unga aldri, ríki virðing fyrir réttindum fatlaðs fólks
 - c) að hvetja allar gerðir fjölmiðla til að gefa þá mynd af fötluðu fólki sem samræmist tilgangi samnings þessa,
 - d) að efla fræðsluáætlanir til vitundarvakningar um fatlað fólk og réttindi þess

9. gr.

Aðgengi

1. Til að gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt á öllum sviðum lífsins skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja fötluðu fólki aðgengi, til jafns við aðra, að efnislegu umhverfi sínu, samgöngum, upplýsingum og samskiptum þar með talin samskiptatækni og -kerfi og að annarri aðstöðu og þjónustu sem opin er eða veitt almenningi hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli. Ráðstafanir þessar, sem skulu fela í sér að bera kennsl á og útrýma hindrunum og tálmunun aðgengis, skulu meðal annars ná til:
 - a) bygginga, vega, samgangna og annarrar aðstöðu innan dyra sem utan, þar á meðal skóla, íbúðarhúsnæðis, heilbrigðisstofnana og vinnustaða,
 - b) upplýsinga og samskipta auk annarrar þjónustu, þar á meðal rafrænnar þjónustu og neyðarþjónustu.
2. Aðildarríki skulu enn fremur gera viðeigandi ráðstafanir til þess að:
 - a) þróa, breiða út þekkingu á og fylgjast með innleiðingu lágmarksviðmiða og leiðbeininga um aðgengi að aðstöðu og þjónustu sem opin er eða veitt almenningi
 - b) tryggja að einkaaðilar, sem bjóða fram aðstöðu og þjónustu sem veitt er eða opin almenningi, taki mið af öllum þáttum aðgengis fatlaðs fólks,
 - c) standa fyrir fræðslu fyrir hagsmunaaðila um þau aðgengis vandamál sem fatlað fólk stendur frammi fyrir,
 - d) hafa merkingar með punktalettri og á auðlesnu og auðskiljanlegu formi í byggingum og annarri aðstöðu, sem almenningi stendur opin,
 - e) láta í té ýmiss konar aðstoð og þjónustu milliliða, þar á meðal fylgdarmanna, lesara og faglærðra táknmálstúlka, í því skyni að auðvelda aðgengi að byggingum og annarri aðstöðu sem opin er almenningi,

- f) efla önnur viðeigandi form aðstoðar og stuðnings við fatlað fólk í því skyni að tryggja aðgang þess að upplýsingum,
- g) efla aðgengi fatlaðs fólks að nýrri upplýsinga- og samskiptatækni og -kerfum, þar á meðal netinu,
- h) við hönnun, þróun, framleiðslu og dreifingu aðgengilegrar upplýsinga- og samskiptatækni og kerfa þar að lútandi sé frá upphafi unnið að því að slík tækni og kerfi verði aðgengileg með sem minnstum tilkostnaði.

10. gr.

Réttur til lífs

Aðildarríkin áréttu að sérhver manneskja eigi eðlislægan rétt til lífs og skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk fái notið hans á árangursríkan hátt til jafns við aðra.

11. gr.

Aðstæður sem skapa hættu og neyðarástand sem kallar á mannúðaraðstoð

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við skuldbindingar sínar samkvæmt alþjóðalögum, þar með talin alþjóðleg mannúðarlög og alþjóðleg mannréttindalög, til þess að tryggja vernd og öryggi fatlaðs fólks þegar hættuástand ríkir, þar á meðal vopnuð átök, neyðarástand sem kallar á mannúðaraðstoð og náttúruhamfarir.

12. gr.

Jöfn viðurkenning fyrir lögum

1. Aðildarríkin áréttu að fatlað fólk á rétt á því að vera viðurkennt alls staðar sem persónur að lögum.
2. Aðildarríkin skulu viðurkenna að fatlað fólk njóti löghæfis til jafns við aðra á öllum sviðum lífsins.
3. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk fái þann stuðning sem það kann að þarfnast þegar það nýtir löghæfi sitt.
4. Aðildarríkin skulu tryggja að allar ráðstafanir, sem varða nýtingu löghæfis, feli í sér viðeigandi og árangursríka vernd til þess að koma í veg fyrir misnotkun í samræmi við alþjóðleg mannréttindalög. Með slíkri vernd skal tryggt að ráðstafanir sem varða nýtingu löghæfis virði réttindi, vilja og óskir einstaklingsins, leiði ekki til hagsmunaárekstra eða hafi ótilhlýðileg áhrif, séu í samræmi við og sniðin að aðstæðum viðkomandi einstaklings, gildi í skemmsta mögulega tíma og séu endurskoðaðar reglulega af til þess bæru sjálfstæðu og óháðu yfirvaldi eða dómstóli. Verndin skal taka mið af og vera í samræmi við þau áhrif sem slíkar ráðstafanir hafa á réttindi og hagsmuni einstaklingsins.
5. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi og árangursríkar ráðstafanir, samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, til þess að tryggja jafnan rétt fatlaðs fólks til þess að eiga eða erfa eignir, stýra eigin fjármálum og hafa til jafns við aðra aðgang að bankalánnum, veðlánnum og annars konar lánaþyrirgreiðslu, jafnframt því að tryggja að fatlað fólk sé ekki svipt eignum sínum eftir geðþótta.

13. gr.

Aðgangur að réttinum

1. Aðildarríkin skulu tryggja fötluðu fólki árangursríkan aðgang að réttinum til jafns við aðra, meðal annars með aðlögun málsmeðferðar og aðlögun með tilliti til aldurs í því skyni að greiða fyrir árangursríkri þátttöku þess, beinni eða óbeinni, þar á meðal sem vitni, í allri málsmeðferð, þar með talið á rannsóknarstigi eða öðrum fyrri stigum máls.
2. Í því skyni að tryggja fötluðu fólki árangursríkan aðgang að réttinum skulu aðildarríkin efla viðeigandi þjálfun fyrir þau sem starfa á sviði réttarvörslu, þar á meðal lögreglu og starfsfólk fangelsa.

14. gr.

Frelsi og öryggi einstaklingsins

1. Aðildarríkin skulu tryggja að fatlað fólk, til jafns við aðra:
 - a) njóti réttar til frelsis og persónulegs öryggis,
 - b) sé ekki svipt frelsi sínu með ólögmatum hætti eða geðþóttaákvörðunum og að frelsissvipting í hvaða mynd sem er sé lögum samkvæmt og að fötlun skuli ekki undir neinum kringumstæðum réttlæta frelsissviptingu.
2. Sé fatlað fólk svipt frelsi sínu á einhvern hátt skulu aðildarríkin tryggja að því séu tryggð mannréttindi til jafns við aðra í samræmi við alþjóðleg mannréttindalög og að meðferð þess samræmist markmiðum og meginreglum samnings þessa, meðal annars með því að tryggja því viðeigandi aðlögun.

15. gr.

Frelsi frá pyndingum eða grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

1. Enginn skal sæta pyndingum eða grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Einkum og sér í lagi er óheimilt að gera læknisfræði- eða vísindatilraunir á nokkurri manneskju án samþykkis hennar.
2. Aðildarríkin skulu gera allar árangursríkar ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnýslu, réttarkerfisins, eða aðrar ráðstafanir, í því skyni að vernda fatlað fólk, til jafns við aðra, fyrir pyndingum eða annarri grimmilegri, ómannlegri eða niðurlægjandi meðferð eða refsingu.

16. gr.

Frelsi frá misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingum.

1. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnýslu, félags- og menntamála og aðrar ráðstafanir í því skyni að vernda fatlað fólk, jafnt innan heimilis sem utan, fyrir hvers kyns misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingum, þar á meðal kynbundnum hliðum þessa.
2. Aðildarríkin skulu einnig gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir hvers konar misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar, þar á meðal með því að tryggja fötluðu fólki og fjölskyldum þess og umönnunaraðilum, viðeigandi aðstoð og stuðning, sem tekur mið af kyni og aldri, meðal annars með upplýsingagjöf og fræðslu

um hvernig beri að forðast, átta sig á og tilkynna um misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar. Aðildarríkin skulu tryggja að við þá þjónustu þar sem vernd er veitt sé tekið mið af kyni, aldri og fötlun.

3. Í því skyni að koma í veg fyrir misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar í hvaða mynd sem er skulu aðildarríkin tryggja að óháð yfirvöld hafi árangursríkt eftirlit með allri aðstöðu og áætlunum sem er ætlað að þjóna fötluðu fólki.
4. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að efla líkamlegan, vitsmunalegan og sálrænan bata, endurhæfingu og félagslega enduraðlögun fatlaðs fólks, sem verður þolendur misnotkunar í gróðaskyni, ofbeldis eða misþyrminga í einhverri mynd, meðal annars með því að bjóða fram þjónustu sem veitir vernd. Slíkur bati og enduraðlögun skulu fara fram í umhverfi sem stuðlar að bættri heilsu, velferð, sjálfsvirðingu, reisu og sjálfræði viðkomandi einstaklings, þar sem tillit skal tekið til kyn- og aldursbundinna þarfa.
5. Aðildarríkin skulu taka upp árangursríka löggjöf og stefnu, þar á meðal löggjöf og stefnu þar sem sérstakt tillit er tekið til kvenna og barna, til að tryggja að misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar sem beinast gegn fötluðu fólki verði greindar, rannsakaðar og eftir atvikum ákært vegna þeirra.

17. gr.

Verndun friðhelgi einstaklingsins

Allt fatlað fólk á rétt á virðingu fyrir líkamlegri og andlegri friðhelgi til jafns við aðra.

18. gr.

Ferðafrelsi og ríkisfang.

1. Aðildarríkin skulu viðurkenna rétt fatlaðs fólks, til jafns við aðra, til ferðafrelsis og frelsis til að velja sér búsetu og rétt til ríkisfangs, meðal annars með því að ábyrgjast að fatlað fólk:
 - a) hafi rétt til að öðlast ríkisfang og breyta því og sé ekki svipt ríkisfangi sínu eftir geðþótta eða á grundvelli fötlunar,
 - b) sé ekki, á grundvelli fötlunar, svipt tækifæri til að fá, hafa umráð yfir og nýta sér skjöl um ríkisfang sitt eða önnur auðkenningarskjöl eða til að nýta sér viðeigandi ferli, svo sem málsmeðferð vegna innflytjendamála, sem kann að vera nauðsynlegt til þess að greiða fyrir nýtingu réttarins til ferðafrelsis,
 - c) hafi frelsi til að yfirgefa hvaða land sem er, þar með talið sitt eigið,
 - d) sé ekki, eftir geðþótta eða á grundvelli fötlunar, svipt réttinum til að koma til síns eigin lands.
2. Fötluð börn skulu skráð þegar eftir fæðingu og eiga frá fæðingu rétt til nafns, rétt til þess að öðlast ríkisfang og, eftir því sem unnt er, rétt til þess að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra.

19. gr.

Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu.

Aðildarríki samnings þessa viðurkenna jafnan rétt alls fatlaðs fólks til að lifa í samfélaginu og eiga valkosti til jafns við aðra og skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk megi að fullu njóta þessa réttar og fullrar aðildar og þátttöku í samfélaginu án aðgreiningar, meðal annars með því að tryggja:

- a) að fatlað fólk hafi tækifæri til þess að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra, og að því sé ekki gert að eiga heima í tilteknu búsetuformi
- b) að fatlað fólk hafi aðgang að ýmiss konar þjónustu, svo sem heimaþjónustu, búsetuþjónustu og annarri samfélagslegri stuðningsþjónustu, þar á meðal persónulegri aðstoð, sem nauðsynleg er til stuðnings lífi án aðgreiningar í samfélaginu og til að koma í veg fyrir einangrun og aðgreiningu frá samfélaginu.
- c) að samfélagsþjónusta og aðstaða fyrir almenning standi fötluðu fólki til boða til jafns við aðra og mæti þörfum þess.

20. gr.

Ferlimál einstaklinga.

Aðildarríkin skulu gera árangursríkar ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk geti farið allra sinna ferða og tryggja sjálfstæði þess í þeim efnum, eftir því sem frekast er unnt, meðal annars með því:

- a) að greiða fyrir því að fatlað fólk geti farið allra sinna ferða með þeim hætti og á þeim tíma sem það kys og á viðráðanlegu verði;
- b) að greiða fyrir aðgangi fatlaðs fólks að gæðafarlaðstoð, -búnaði, -stuðningstækni og ýmiss konar persónulegri aðstoð og milliliðum, þar á meðal með því að hafa búnað og þjónustu tiltæk á viðráðanlegu verði,
- c) að láta í té fræðslu og þjálfun í hreyfifærni fyrir fatlað fólk og sérhæft starfsfólk sem vinnur með fötluðu fólki,
- d) að hvetja framleiðendur hjálpartækja, búnaðar og stuðningstækni til þess að taka tillit til allra þátta ferlimála fatlaðs fólks.

21. gr.

Tjáningar- og skoðanafrelsi og aðgangur að upplýsingum.

Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk geti nýtt sér rétt sinn til tjáningar- og skoðanafrelsis, þar með talið frelslis til að leita eftir, taka við og miðla upplýsingum og hugmyndum, til jafns við aðra, með hvers kyns samskiptamiðlum að eigin vali, samanber skilgreiningu í 2. gr. samnings þessa, þar á meðal með því:

- a) að láta fötluðu fólki í té upplýsingar, sem almenningi eru ætlaðar, í aðgengilegu formi og með aðgengilegri tækni, sem tekur mið af mismunandi fötlun, tímanlega og án aukakostnaðar,
- b) að viðurkenna og auðvelda notkun táknmáls, punktaleturs, aukinna og óhefðbundinna samskipta og allra annarra aðgengilegra samskiptaleiða, -máta og -forma sem fatlað fólk kys að nota í opinberum samskiptum,
- c) að brýna fyrir einkaaðilum sem bjóða almenningi þjónustu, þar á meðal gegnum netið, að veita upplýsingar og þjónustu í aðgengilegu og nothæfu formi fyrir fatlað fólk,

- d) að hvetja fjölmiðla, þar með taldar upplýsingaveitur á netinu, til þess að gera þjónustu sína aðgengilega fötluðu fólki,
- e) að viðurkenna og efla notkun táknmáls.

22. gr.

Virðing fyrir einkalífi.

1. Engin fötluð manneskja skal, óháð búsetustað eða -formi, sæta ólögmætum afskiptum eða geðþótta afskiptum af einkalífi sínu, fjölskyldu, skriflegum samskiptum eða öðrum samskiptum eða ólögmætum árásum á æru sína og orðstír. Fatlað fólk á rétt á lagalegri vernd gegn slíkum afskiptum eða árásum.
2. Aðildarríkin skulu vernda trúnað um upplýsingar um persónulega hagi, heilsufar og endurhæfingu fatlaðs fólks til jafns við aðra.

23. gr.

Virðing fyrir heimili og fjölskyldu.

1. Aðildarríkin skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir í því skyni að uppræta mismunun gagnvart fötluðu fólki í öllum málum sem lúta að hjónabandi, fjölskyldu, foreldrahlutverki og samböndum, á sama hátt og gildir um aðra, til þess að tryggja:
 - a) að réttur alls fatlaðs fólks, sem hefur náð tilskildum aldri, til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu, með frjálsum og fullu samþykki hjónaefnanna, sé virtur,
 - b) að réttur fatlaðs fólks til frjálstrar og ábyrgrar ákvarðanatöku um fjölda barna og tíma milli fæðinga og til að hafa aðgang, sem hæfir aldri þess, að upplýsingum og fræðslu um frjósemisheilbrigði og fjölskylduáætlanir sé viðurkenndur og að því séu veitt nauðsynleg úrræði sem gera því kleift að nýta sér þennan rétt,
 - c) að fatlað fólk, þar með talin börn, fái haldið frjósemi sinni til jafns við aðra.
2. Aðildarríkin skulu tryggja réttindi og ábyrgð fatlaðs fólks að því er varðar lögráð, forsjá, fjárhald, ættleiðingar barna eða sambærilega þætti, þar sem þessi hugtök eru til í landslögum; skulu hagsmunir barnsins í öllum málum vera í fyrirrúmi. Aðildarríkin skulu veita fötluðu fólki viðeigandi aðstoð við að uppfylla skyldur sínar sem uppáendur barna.
3. Aðildarríkin skulu tryggja fötluðum börnum jafnan rétt með tilliti til fjölskyldulífs. Til þess að þessi réttur verði að veruleika og í því skyni að koma í veg fyrir að fötluðum börnum sé leynt, þau yfirgefin, vanrækt eða að þau séu þolendur aðgreiningar skuldbinda aðildarríkin sig til þess að veita fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra snemma alhliða upplýsingar, þjónustu og stuðning.
4. Aðildarríkin skulu tryggja að barn sé ekki tekið frá foreldrum sínum gegn vilja þeirra nema til þess bær yfirvöld ákveði, með fyrirvara um endurskoðun dómstóla og í samræmi við gildandi lög og málsmeðferð, að slíkur aðskilnaður sé nauðsynlegur vegna þess sem er barninu fyrir bestu. Barn skal aldrei taka frá foreldrum sínum á grundvelli fötlunar barnsins eða annars foreldris eða beggja.
5. Aðildarríkin skulu reyna til þrautar, ef kjarnafjölskylda getur ekki annast fatlað barn, að sjá barninu fyrir annarri umönnun innan stórfjölskyldunnar, en að öðrum kosti tryggja því umönnun hjá fjölskyldu innan nærsamfélagsins.

24. gr.
Menntun.

1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til menntunar. Í því skyni að þessi réttur verði að veruleika án mismununar og á grundvelli jafnra tækifæra skulu aðildarríkin tryggja menntakerfi án aðgreiningar á öllum skólastigum og við símenntun sem beinist að því:
 - a) að mannleg geta og tilfinning fyrir reisu og eigin verðleikum þroskist til fulls og að virðing fyrir mannréttindum, grundvallarfrelsi og mannlegum margbreytileika vaxi,
 - b) að fatlað fólk geti þroskað til fulls persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, ásamt andlegri og líkamlegri getu,
 - c) að gera fötluðu fólki kleift að taka virkan þátt í frjálsum samfélagi.
2. Til að þessi réttur megi verða að veruleika skulu aðildarríkin tryggja:
 - a) að fatlað fólk sé ekki útilokað frá almenna menntakerfinu á grundvelli fötlunar og að fötluð börn séu ekki útilokuð frá gjaldfrjálsu skyldunámi á grunnskólastigi eða námi á framhaldsskólastigi á grundvelli fötlunar,
 - b) að fatlað fólk hafi aðgang til jafns við aðra að endurgjaldslausri grunn- og framhaldsskólamenntun án aðgreiningar, sem uppfyllir almennar kröfur um gæði, í þeim samfélögum þar sem það býr,
 - c) að viðeigandi aðlögun sé veitt í samræmi við þarfir viðkomandi einstaklings
 - d) að fatlað fólk fái nauðsynlegan stuðning innan almenna menntakerfisins til þess að greiða fyrir árangursríkri menntun þess,
 - e) að árangursríkur, einstaklingsmiðaður stuðningur sé veittur í umhverfi sem hámarkar námsþroska og félagsþroska sem samræmist markmiðinu um fulla þátttöku án aðgreiningar.
3. Aðildarríkin skulu gera fötluðu fólki kleift að öðlast hagnýta og félagslega færni í því skyni að greiða fyrir fullri þátttöku þess, til jafns við aðra, í skólastarfi og sem borgarar í samfélaginu. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í þessu skyni, meðal annars:
 - a) auðvelda fólki að læra punktaletur, óhefðbundna ritun, auknar og óhefðbundnar samskiptaleiðir, -máta og -form og færni í skynjun og hreyfifærni, ásamt því að greiða fyrir jafningjastuðningi og jafningjaráðgjöf,
 - b) auðvelda fólki að læra táknmál og efla sjálfsmynd heyrnarlauss og heyrnarskerts fólks með tilliti til tungumáls,
 - c) tryggja að menntun fólks, og þá sérstaklega barna, sem er blint eða sjónskert, heyrnarlaust eða heyrnarskert eða fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu fari fram á viðeigandi tungumálum og tjáningarmáta sem hentar viðkomandi einstaklingi og í umhverfi sem hámarkar námsþroska og félagsþroska.
4. Í því skyni að tryggja að fyrrnefnd réttindi verði að veruleika skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir til þess að ráða kennara, þar á meðal fatlaða kennara með sérþekkingu á táknmáli og/eða punktalettri, og þjálfa fagfólk og starfsfólk sem starfar á öllum sviðum menntakerfisins. Slík þjálfun skal fela í sér vitund um fötlun og notkun viðeigandi aukinna og óhefðbundinna samskiptaleiða, -máta og -forma, kennsluaðferða og námsgagna sem er ætlað að styðja fatlað fólk.

5. Aðildarríkin skulu tryggja að fatlað fólk hafi aðgang að almennu námi á háskólastigi, starfsþjálfun, fullorðinsfræðslu og símenntun án mismununar og til jafns við aðra. Aðildarríkin skulu, í þessu skyni, tryggja að fatlað fólk fái notið viðeigandi aðlögunar.

25. gr.

Heilbrigði.

Aðildarríkin viðurkenna að fatlað fólk hafi rétt til þess að njóta besta mögulega heilbrigðis án mismununar á grundvelli fötlunar. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja fötluðu fólki aðgang að heilbrigðisþjónustu, sem tekur mið af kyni, þar á meðal heilsutengdri endurhæfingu. Aðildarríkin skulu sérstaklega:

- a) sjá fötluðu fólki fyrir heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisáætlunum sem eru ókeypis eða á viðráðanlegu verði og eins að umfangi, gæðum og á sama stigi og gildir fyrir aðra, meðal annars á sviði kyn- og frjósemisheilbrigðis og að því er varðar samfélagsáætlanir á sviði lýðheilsu,
- b) sjá fötluðu fólki fyrir þeirri heilbrigðisþjónustu sem það þarfnast sérstaklega vegna fötlunar sinnar, þar á meðal að bera kennsl á og grípa til aðgerða eins fljótt og auðið er eftir því sem við á og veita þjónustu sem miðar að því að draga úr fötlun eins og frekast er unnt og koma í veg fyrir frekari fötlun, þar með talið meðal barna og eldra fólks,
- c) bjóða fram fyrrnefnda heilbrigðisþjónustu eins nálægt heimabyggð fólks og frekast er unnt, þar á meðal í dreifbýli,
- d) gera þá kröfu til fagfólks í heilbrigðisþjónustu að það annist fatlað fólk eins vel og aðra, þar á meðal á grundvelli frjáls og upplýsts samþykkis, meðal annars með vitundarvakningu um mannréttindi, mannlega reisn, sjálfræði og þarfir fatlaðs fólks með þjálfun og útbreiðslu siðferðilegra viðmiða fyrir starfsfólk, bæði innan einkarekinnar og opinberrar heilbrigðisþjónustu,
- e) leggja bann við mismunun gagnvart fötluðu fólki á sviði sjúkratrygginga og líftrygginga, þar sem slíkar tryggingar eru heimilar að landsrétti, sem skulu veittar á sanngjarnan og réttmætan hátt,
- f) koma í veg fyrir að einstaklingum sé synjað um heilsugæslu eða heilbrigðisþjónustu eða um mat og drykk á grundvelli fötlunar.

26. gr.

Hæfing og endurhæfing.

1. Aðildarríkin skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal með jafningjastuðningi, til þess að gera fötluðu fólki kleift að öðlast og viðhalda sem mestu sjálfstæði, fullri líkamlegri, andlegri og félagslegri getu, ásamt starfsgetu, og að vera fullir þátttakendur á öllum sviðum lífsins án aðgreiningar. Til þess að svo megi verða skulu aðildarríkin skipuleggja, efla og útvíkka heildstæða þjónustu og áætlanagerð á sviði hæfingar og endurhæfingar, einkum að því er varðar heilbrigði, atvinnu, menntun og félagsþjónustu, með þeim hætti að slík þjónusta og áætlanir:
 - a) hefjist eins snemma og frekast er unnt og séu byggðar á þverfaglegu mati á þörfum og styrkleikum hvers einstaklings um sig,

- b) styrki þátttöku í heimabyggð og á öllum sviðum þjóðfélagsins án aðgreiningar, séu valfrjálsar og standi fötluðu fólki til boða sem næst heimabyggð þess, þar á meðal í dreifbýli.
2. Aðildarríkin skulu efla þróun grunnþjálfunar og símenntunar fagfólks og starfsfólks sem vinnur við hæfingu og endurhæfingu.
 3. Aðildarríkin skulu stuðla að því að hjálpartæki og tækni, sem eru hönnuð fyrir fatlað fólk og notuð eru til hæfingar og endurhæfingar, séu tiltæk og þekking á þeim sé fyrir hendi.

27. gr.

Vinna og starf.

1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks, til jafns við aðra, til vinnu; í því felst réttur til að fá tækifæri til að afla sér lífsviðurværis með vinnu að eigin vali eða samþykki á vinnumarkaði og í vinnuumhverfi sem fötluðu fólki stendur opið, er án aðgreiningar og er því aðgengilegt. Aðildarríkin skulu tryggja og stuðla að því að rétturinn til vinnu verði að veruleika, einnig fyrir þau sem verða fötluð meðan þau gegna starfi, með því að gera viðeigandi ráðstafanir, þar með talið með lagasetningu, til þess meðal annars:
 - a) að leggja bann við mismunun á grundvelli fötlunar að því er varðar öll málefni sem tengjast atvinnu af hvaða tagi sem er, meðal annars nýliðunar-, ráðningar- og starfsskilyrði, starfsöryggi, starfsframa og öryggi og hollustuhætti á vinnustað,
 - b) að vernda rétt fatlaðs fólks, til jafns við rétt annars fólks, til sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða, þar á meðal jafnra tækifæra og sama endurgjalds fyrir jafnverðmæt störf, öryggis og hollustu á vinnustað þar á meðal verndar gegn áreitni, og úrbóta vegna misréttis sem það telur sig hafa orðið fyrir;
 - c) að tryggja að fatlað fólk geti nýtt réttindi sín sem meðlimir stéttarfélaga til jafns við aðra;
 - d) að gera fötluðu fólki kleift að hafa árangursríkan aðgang að almennri tækni- og starfsráðgjöf, atvinnumiðlun og starfs- og símenntun;
 - e) að efla atvinnutækifæri og þróun starfsframa fyrir fatlað fólk á vinnumarkaði, ásamt því að auka aðstoð við að finna, öðlast og halda starfi og snúa aftur á vinnumarkað;
 - f) að fjölga tækifærum til að starfa sjálfstætt, stunda frumkvöðlastarfsemi, þróa samvinnufélög og stofna eigin fyrirtæki;
 - g) að ráða fatlað fólk til starfa innan opinbera geirans;
 - h) að stuðla að því að fatlað fólk verði ráðið til starfa innan einkageirans með viðeigandi stefnu og ráðstöfunum sem geta falist í áætlunum um sértækar aðgerðir, hvatningu og öðrum aðgerðum;
 - i) að tryggja að fatlað fólk fái viðeigandi aðlögun á vinnustað;
 - j) að efla möguleika fatlaðs fólks til að afla sér starfsreynslu á almennum vinnumarkaði,
 - k) að efla starfstengda og faglega endurhæfingu fatlaðs fólks, að það geti haldið störfum sínum og áætlanir um að það geti snúið aftur til starfa.
2. Aðildarríkin skulu tryggja að fötluðu fólki sé ekki haldið í þrældómi eða ánaud og að því sé veitt vernd, til jafns við aðra, gegn þvingunar- eða nauðungarvinnu.

28. gr.

Viðunandi lífskjör og félagsleg vernd.

1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks og fjölskyldna þess til viðunandi lífskjara, þar á meðal viðunandi fæðis, klæða og húsnæðis, og til sífellt batnandi lífsskilyrða og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja og stuðla að því að þessi réttur verði að veruleika án mismununar á grundvelli fötlunar.
2. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til félagslegrar verndar og til þess að njóta þess réttar án mismununar á grundvelli fötlunar og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja og stuðla að því að þessi réttur verði að veruleika, þar á meðal ráðstafanir:
 - a) til þess að tryggja fötluðu fólki jafnan aðgang að hreinu vatni á við aðra og að tryggja aðgang að viðeigandi þjónustu, búnaði og annarri aðstoð á viðráðanlegu verði vegna þarfa sem tengjast fötlun,
 - b) til þess að tryggja fötluðu fólki, einkum fötluðum konum og stúlkum og fötluðu eldra fólki, aðgang að áætlunum á sviði félagslegrar verndar og áætlunum um að draga úr fátækt,
 - c) til þess að tryggja fötluðu fólki og fjölskyldum þess, sem lifa í fátækt, aðgang að aðstoð frá hinu opinbera til þess að mæta útgjöldum vegna fötlunar, þar á meðal útgjöldum vegna viðeigandi þjálfunar, ráðgjafar, fjárhagslegrar aðstoðar og hvíldarumönnunar,
 - d) til þess að tryggja fötluðu fólki aðgang að húsnæðiskerfi á vegum hins opinbera,
 - e) til þess að tryggja fötluðu fólki jafnan aðgang á við aðra að eftirlaunum og eftirlaunakerfum.

29. gr.

Þátttaka í stjórnámálum og opinberu lífi.

Aðildarríkin skulu tryggja fötluðu fólki stjórnámálaleg réttindi og tækifæri til þess að njóta þeirra til jafns við aðra og skulu jafnframt:

- a) tryggja að fötluðu fólki sé gert kleift að taka virkan og fullan þátt í stjórnámálum og opinberu lífi til jafns við aðra, með beinum hætti eða fyrir atbeina fulltrúa að eigin frjálsum vali, þar með eru talin réttur og tækifæri til þess að kjósa og vera kosið, þar á meðal með því:
 - i. að tryggja að kosningaaðferðir, kosningaaðstaða og kjörgögn séu við hæfi, aðgengileg og auðskilin og auðnotuð,
 - ii. að vernda rétt fatlaðs fólks til þess að taka þátt í leynilegri atkvæðagreiðslu í kosningum og þjóðaratkvæðagreiðslum án ógnana og til þess að bjóða sig fram í kosningum, að gegna embættum með árangursríkum hætti og að sinna öllum opinberum störfum á öllum stigum stjórnsýslu, jafnframt því að greiða fyrir notkun hjálpartækja og nýrrar tækni þar sem við á,
 - iii. að tryggja að fatlað fólk geti tjáð vilja sinn sem kjósendur á frjálsum hátt og að heimilað sé í þessu skyni, þar sem nauðsyn krefur og að ósk þess, að það njóti aðstoðar manneskju að eigin vali við að greiða atkvæði,

- b) vinna á virkan hátt að mótun umhverfis þar sem fatlað fólk getur tekið árangursríkan og fullan þátt í opinberri starfsemi, án mismununar og til jafns við aðra, og hvetja til þátttöku þess í opinberri starfsemi, þar á meðal:
- i. þátttöku í starfsemi frjálsra félagasamtaka og samtaka, sem láta sig málefni almennings varða og stjórnmalalíf viðkomandi lands, og í störfum og stjórn stjórnmalaflokka,
 - ii. þátttöku í því að móta og gerast aðilar að samtökum fatlaðs fólks til að koma fram fyrir hönd fatlaðs fólks á alþjóðavettvangi, heima fyrir á landsvísu og innan landsvæða og sveitarfélaga.

30. gr.

Þátttaka í menningarlífi, tómstunda-, frístunda- og íþróttastarfi.

1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til þess að taka þátt í menningarlífi til jafns við aðra og skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk:
 - a) njóti aðgengis að menningarefni í aðgengilegu formi,
 - b) njóti aðgengis að sjónvarpsefni, kvikmyndum, leikhúsi og öðrum menningarviðburðum í aðgengilegu formi,
 - c) njóti aðgengis að stöðum þar sem flutningur menningarefnis eða þjónusta á sviði menningar fer fram, t.d. leikhúsum, söfnum, kvikmyndahúsum, bókasöfnum og ferðaþjónustu og njóti, eftir því sem við verður komið, aðgengis að minnisvörðum og stöðum sem hafa þjóðmenningarlegt gildi.
2. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk fái tækifæri til að þróa og nota sköpunargáfu sína og listræna og vitsmunalega getu, ekki einvörðungu í eigin þágu, heldur einnig í því skyni að auðga samfélagið.
3. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir, í samræmi við alþjóðalög, til þess að tryggja að lög, sem vernda hugverkarétt, feli ekki í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki eða óréttmætar hindranir við aðgang þess að menningarefni.
4. Fatlað fólk skal eiga rétt, til jafns við aðra, á viðurkenningu og stuðningi við sérstaka menningar- og tungumálssjálfsmynd sína, þar á meðal táknmál og menningu heyrnarlaus og heyrnarskerts fólks.
5. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir, í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að taka til jafns við aðra þátt í tómstunda-, frístunda- og íþróttastarfi, til þess að:
 - a) hvetja til og efla þátttöku fatlaðs fólks, eins og frekast er unnt, í almennu íþróttastarfi á öllum stigum,
 - b) tryggja fötluðu fólki tækifæri til þess að skipuleggja, þróa og taka þátt í íþrótt- og tómstundastarfi fyrir fatlað fólk og stuðla í því skyni að framboði á viðeigandi leiðsögn, þjálfun og úrræðum til jafns við aðra;
 - c) tryggja fötluðu fólki aðgang að stöðum þar sem íþrótt- og tómstundastarf fer fram og að ferðamannastöðum;
 - d) tryggja fötluðum börnum jafnt aðgengi á við önnur börn til þátttöku í leikjum, tómstunda-, frístunda- og íþróttastarfi, þar á meðal innan skólakerfisins;
 - e) tryggja fötluðu fólki aðgang að þjónustu þeirra sem annast skipulagningu tómstundastarfs, ferðamennsku, frístunda- og íþróttastarfs.

31. gr.

Tölfræðilegar upplýsingar og gagnasöfnun.

1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að safna viðeigandi upplýsingum, meðal annars tölfræðilegum gögnum og rannsóknargögnum, sem gera þeim kleift að móta og framfylgja stefnum samningi þessum til framkvæmdar. Vinnuferli við að safna og viðhalda þessum upplýsingum skulu:
 - a) vera í samræmi við lögmæltar öryggisráðstafanir, þar á meðal löggjöf um gagnavernd, til þess að tryggja trúnað og virðingu fyrir einkalífi fatlaðs fólks;
 - b) vera í samræmi við alþjóðlega viðurkennd viðmið um vernd mannréttinda og grundvallarfrælsis og siðferðileg viðmið við söfnun og notkun tölfræðilegra upplýsinga.
2. Upplýsingar, sem er safnað samkvæmt þessari grein, skal sundurliða eftir því sem við á og nota til þess að meta hvernig aðildarríkjunum miðar að innleiða skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum og til að greina og takast á við þær hindranir sem fatlað fólk stendur frammi fyrir þegar það hyggst nýta sér réttindi sín.
3. Aðildarríkin skulu ábyrgjast miðlun fyrrnefndra tölfræðilegra upplýsinga og tryggja fötluðu fólki og öðrum aðgengi að þeim.

32. gr.

Alþjóðlegt samstarf.

1. Aðildarríkin viðurkenna mikilvægi alþjóðlegs samstarfs og eflingu þess til stuðnings innlendum aðgerðum til þess að tilgangur og markmið samnings þessa megi verði að veruleika og munu gera viðeigandi og árangursríkar ráðstafanir hvað það varðar milli og meðal ríkja og, eftir því sem við á, í samvinnu við hlutaðeigandi alþjóða- og svæðisstofnanir og borgaralegt samfélag, einkum samtök fatlaðs fólks. Slíkar ráðstafanir gætu meðal annars tekið til þess:
 - a) að tryggja að alþjóðlegt samstarf, þar á meðal alþjóðlegar þróunaráætlanir, nái til fatlaðs fólks og sé því aðgengilegt,
 - b) að greiða fyrir og styðja uppbyggingu þekkingar og getu, þar á meðal með því að skiptast á og miðla upplýsingum, reynslu, þjálfunaráætlunum og bestu starfsvenjum,
 - c) að greiða fyrir samvinnu á sviði rannsókna og auðvelda aðgengi að vísinda- og tækniþekkingu,
 - d) að láta í té, eftir því sem við á, tækni- og efnahagsaðstoð, meðal annars með því að auðvelda aðgang að og miðla aðgengilegri og styðjandi tækni og með yfirfærslu á tækni.
2. Ákvæði þessarar greinar hafa engin áhrif á þá skyldu sérhvers aðildarríkis að efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum.

33. gr.

Framkvæmd og eftirlit innanlands.

1. Aðildarríkin skulu tilnefna, í samræmi við stjórnskipulag sitt, eina miðstöð eða fleiri innan stjórnsýslunnar vegna mála er varða framkvæmd samnings þessa og taka til tilhlýðilegrar umfjöllunar hvort koma skuli á eða tiltaka samræmingarkerfi innan stjórnsýslunnar í því skyni að greiða fyrir skyldum aðgerðum á ólíkum sviðum og ólíkum stigum.
2. Aðildarríkin skulu, í samræmi við réttar- og stjórnkerfi hvers ríkis um sig, viðhalda, treysta, tiltaka eða koma á innviðum, þar á meðal einu eða fleiri sjálfstæðum kerfum, eftir því sem við á, í því skyni að styrkja, vernda og hafa eftirlit með framkvæmd samnings þessa. Aðildarríkin skulu, þegar þau tiltaka slíkt kerfi eða koma því á, taka mið af þeim meginreglum sem gilda um stöðu og starfsemi þjóðbundinna mannréttindastofnana.
3. Borgaralegt samfélag, einkum fatlað fólk og samtök sem koma fram fyrir þess hönd, skal eiga hlut að og taka fullan þátt í eftirlitsferlinu.

34. gr.

Nefnd um réttindi fatlaðs fólks.

1. Setja ber á stofn nefnd um réttindi fatlaðs fólks (hér á eftir nefnd „nefndin“) sem skal vinna þau verk sem kveðið er á um hér á eftir.
2. Þegar samningur þessi tekur gildi skulu tólf sérfræðingar skipa nefndina. Eftir að sextíu aðilar til viðbótar hafa fullgilt samninginn eða gerst aðilar að honum skal fjölga í nefndinni um sex fulltrúa sem þýðir að hámarksfjöldi fulltrúa í nefndinni verður átján.
3. Nefndarfólk situr í nefndinni á eigin forsendum sem einstaklingar og skal hafa sterka siðferðisvitund og viðurkennda hæfni og reynslu á því sviði sem samningur þessi tekur til. Óskað er eftir því að aðildarríkin taki eðlilegt tillit til ákvæða 3. mgr. 4. gr. samnings þessa þegar þau tilnefna frambjóðendur sína.
4. Aðildarríkin kjósa fulltrúa í nefndina að teknu tilliti til jafnrar dreifingar milli heimshluta, þess að fulltrúar komi frá ólíkum menningarþjóðfélögum og helstu réttarkerfum og að teknu tilliti til jafnrar þátttöku kynjanna og þátttöku fatlaðra sérfræðinga.
5. Fulltrúarnir í nefndinni skulu kjörnir í leynilegri atkvæðagreiðslu af lista einstaklinga, sem aðildarríkin tilnefna úr hópi borgara sinna, þegar fundir þings aðildarríkjanna fara fram. Á þeim fundum, sem eru ákvörðunarbærir eigi tveir þriðju aðildarríkjanna þar fulltrúa, skulu þeir einstaklingar sem eru kjörnir til setu í nefndinni vera þeir sem hljóta flest atkvæði og hreinan meirihluta atkvæða þeirra aðildarríkja sem eiga fulltrúa sem eru viðstaddir og greiða atkvæði.
6. Halda ber fyrstu kosningu eigi síðar en sex mánuðum eftir þann dag þegar samningur þessi öðlast gildi. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal senda aðildarríkjunum bréf eigi síðar en fjórum mánuðum fyrir dagsetningu sérhverrar kosningar og óska eftir tilnefningum þeirra innan tveggja mánaða. Aðalframkvæmdastjórinn tekur því næst saman skrá í stafrófsröð yfir allt það fólk sem þannig er tilnefnt og þar sem fram kemur hvaða aðildarríki tilnefndi það og sendir að svo búnu skrána þeim ríkjum sem eru aðilar að samningi þessum.
7. Kjörtímabil fulltrúa í nefndinni er fjögur ár. Heimilt er að endurkjósa þá einu sinni. Engu að síður skal kjörtímabili sex þeirra sem eru kosnir í fyrstu kosningu ljúka að tveimur

- árum liðnum; strax að lokinni fyrstu kosningu skal fundarstjóri, á fundi þeim er um getur í 5. mgr. þessarar greinar, velja nöfn fyrrnefndra sex nefndarfulltrúa með hlutkesti.
8. Kjör hinna sex viðbótarfulltrúa í nefndinni skal fara fram þegar reglubundnar kosningar fara fram í samræmi við viðeigandi ákvæði þessarar greinar.
 9. Falli nefndarfulltrúi frá eða segi af sér eða lýsi því yfir að hún eða hann geti ekki, af einhverri annarri ástæðu, gegnt skyldum sínum skal aðildarríkið, sem tilnefndi fulltrúann, skipa annan sérfræðing, sem hefur þá hæfni og uppfyllir þær kröfur er um getur í viðeigandi ákvæðum þessarar greinar, til þess að starfa í nefndinni út kjörtímabilið.
 10. Nefndin skal setja sér eigin starfsreglur.
 11. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal útvega nauðsynlegt starfsfólk og aðstöðu til þess að nefndin geti sinnt störfum sínum með árangursríkum hætti samkvæmt samningi þessum og boða til fyrsta fundar hennar.
 12. Þau sem sitja í nefndinni, sem er komið á fót samkvæmt samningi þessum, skulu með samþykki allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna þiggja laun úr sjóðum Sameinuðu þjóðanna samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem allsherjarþingið kann að ákveða, að teknu tilliti til mikilvægis þeirra ábyrgðarstarfa sem nefndin sinnir.
 13. Fulltrúar í nefndinni eiga tilkall til aðstöðu, réttinda og friðhelgi sérfræðinga, sem reka erindi Sameinuðu þjóðanna, eins og mælt er fyrir um í viðeigandi hlutum Samningsins um réttindi og friðhelgi Sameinuðu þjóðanna.

35. gr.

Skýrslugjöf aðildarríkjanna.

1. Sérhvert aðildarríki skal senda nefndinni, fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, heildstæða skýrslu um ráðstafanir sem hafa verið gerðar í því skyni að efna skuldbindingar þess samkvæmt samningi þessum og um framfarir, sem hafa orðið á því sviði, innan tveggja ára frá því að samningur þessi öðlast gildi gagnvart hlutaðeigandi aðildarríki.
2. Eftir það skulu aðildarríkin senda skýrslur sínar eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti og oftár í hvert sinn sem nefndin fer fram á það.
3. Nefndin skal ákvarða allar leiðbeiningar um efni skýrslanna.
4. Aðildarríki, sem hefur sent nefndinni heildstæða frumskýrslu, þarf ekki að endurtaka áður veittar upplýsingar í skýrslum sem á eftir koma. Óskað er eftir því, þegar aðildarríkin undirbúa skýrslur til nefndarinnar, að þau geri það með opnum og gagnsæjum hætti og taki eðlilegt tillit til ákvæðisins í 3. mgr. 4. gr. samnings þessa.
5. Í skýrslunum er heimilt að geta um þá þætti og erfiðleika sem hafa áhrif á það hvernig miðar að efna skuldbindingar samkvæmt samningi þessum.

36. gr.

Um fjöllum um skýrslur.

1. Nefndin skal fjalla um sérhverja skýrslu og gera þær tillögur og leggja fram þau almennu tilmæli sem hún telur við eiga og senda hlutaðeigandi aðildarríki. Aðildarríkið getur svarað með því að láta nefndinni í té allar upplýsingar sem það kýs. Nefndin getur óskað eftir frekari upplýsingum frá aðildarríkjunum sem varða framkvæmd samnings þessa.
2. Dragist verulega á langinn að aðildarríki sendi skýrslu sína getur nefndin tilkynnt hlutaðeigandi aðildarríki um að nauðsynlegt sé að kanna framkvæmd samnings þessa í

Því aðildarríki, á grundvelli áreiðanlegra upplýsinga sem nefndin hefur aðgang að, hafi viðkomandi skýrsla ekki verið send innan þriggja mánaða frá tilkynningunni. Nefndin skal þjóða hlutaðeigandi aðildarríki að taka þátt í slíkri könnun. Bregðist aðildarríkið við með því að senda viðkomandi skýrslu gilda ákvæði 1. mgr. þessarar greinar.

3. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal gera öllum aðildarríkjunum kleift að nálgast skýrslurnar.
4. Aðildarríkin skulu gera skýrslur sínar aðgengilegar almenningi í eigin löndum og greiða fyrir aðgangi að þeim tillögum og tilmælum sem varða þessar skýrslur.
5. Nefndin skal, eftir því sem hún telur við eiga, senda sérstofnunum, sjóðum og áætlunum Sameinuðu þjóðanna og öðrum bærum stofnunum, skýrslur frá aðildarríkjum, til þess að unnt sé að taka fyrir beiðni um eða vísbendingu um þörf fyrir tæknilega ráðgjöf eða aðstoð, sem þar kemur fram, ásamt athugasemdum nefndarinnar og tilmælum, ef um þau er að ræða, viðvíkjandi þessum beiðnum eða vísbendingum.

37. gr.

Samvinna milli aðildarríkjanna og nefndarinnar.

1. Sérhvert aðildarríki skal vinna með nefndinni og aðstoða nefndarfólk við að uppfylla skyldur sínar eftir því umboði sem þeim er veitt.
2. Nefndin skal, í samskiptum sínum við aðildarríkin, taka eðlilegt tillit til leiða og aðferða við að auka getu innanlands til þess að framkvæma samning þennan, þar á meðal í gegnum alþjóðlegt samstarf.

38. gr.

Tengsl nefndarinnar við aðrar stofnanir.

Í því skyni að greiða fyrir árangursríkri framkvæmd samnings þessa og stuðla að samvinnu þjóða í milli á því sviði sem hann fjallar um:

- a) skulu sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna og aðrar stofnanir þeirra hafa rétt til þess að eiga fyrirsva þegar fjallað er um framkvæmd þeirra ákvæða samnings þessa sem umboð þeirra tekur til. Nefndin getur óskað eftir því við sérstofnanirnar og aðrar bærar stofnanir, eftir því sem hún telur við hæfi, að þær leggi fram sérfræðiálit um framkvæmd samningsins innan þeirra sviða sem umboð hvernar um sig tekur til. Nefndin getur óskað eftir því við sérstofnanir og aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna að þær leggi fram skýrslur um framkvæmd samningsins á þeim sviðum sem starfsemi þeirra tekur til.
- b) þegar nefndin uppfyllir skyldur sínar eftir umboði sínu skal hún hafa samráð, eftir því sem við á, við aðrar hlutaðeigandi stofnanir, sem er komið á fót samkvæmt alþjóðasamningum um mannréttindi, í því skyni að tryggja samræmi leiðbeininga, tillagna og almennra tilmæla hvernar um sig viðvíkjandi skýrslugerð og að forðast tvíverknað og skörun í störfum þeirra.

39. gr.

Skýrsla nefndarinnar.

Nefndin skal gefa allsherjarþinginu og efnahags- og félagsmálaráðinu skýrslu um starfsemi sína og getur lagt fram tillögur og almenn tilmæli byggð á könnun skýrslna og upplýsingum frá aðildarríkjunum.

Slíkar tillögur og almenn tilmæli ber að fella inn í skýrslu nefndarinnar ásamt athugasemdum, ef einhverjar eru, frá aðildarríkjunum.

40. gr.

Þing aðildarríkjanna.

1. Fulltrúar aðildarríkjanna skulu hittast reglulega á þingi aðildarríkjanna í því skyni að fjalla um hvers kyns mál er varða framkvæmd samnings þessa.
2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal kalla saman þing aðildarríkjanna eigi síðar en sex mánuðum eftir að samningur þessi öðlast gildi. Aðalframkvæmdastjórinn boðar til funda annað hvert ár eftir það eða eins oft og þing aðildarríkjanna ákveður.

41. gr.

Vörsluaðili.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili samnings þessa.

42. gr.

Undirritun.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja og svæðisstofnana um samvinnu í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 30. mars 2007 að telja.

43. gr.

Samþykki fyrir því að vera bundinn af samningi þessum.

Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu undirritunararríkja og formlega staðfestingu svæðisstofnana um samvinnu sem undirrita hann. Samningurinn skal liggja frammi til aðildar af hálfu sérhvers ríkis eða svæðisstofnunar um samvinnu sem ekki hefur undirritað hann.

44. gr.

Svæðisstofnanir um samvinnu.

1. „Svæðisstofnun um samvinnu“ merkir stofnun sem fullvalda ríki á tilteknu svæði koma á fót og hefur valdheimildir, sem aðildarríki hennar veita henni, til að fara með málefni sem samningur þessi fjallar um. Svæðisstofnanir um samvinnu skulu greina, í skjölum sínum um formlega staðfestingu eða aðild, frá valdmörkum sínum með tilliti til málefna sem

samningur þessi fjallar um. Þær skulu síðar meir tilkynna vörsluaðila um hverja þá breytingu sem verða kann á valdheimildum þeirra og skiptir máli.

2. Vísanir til „aðildarríkja“ í samningi þessum eiga við slíkar stofnanir eins langt og valdheimildir þeirra ná.
3. Að því er varðar 1. mgr. 45. gr. og 2. og 3. mgr. 47. gr. samnings þessa skal eigi telja með skjöl sem svæðisstofnun um samvinnu afhendir til vörslu.
4. Svæðisstofnanir um samvinnu geta, í málum sem valdheimildir þeirra ná til, neytt atkvæðisréttar á þingi aðildarríkja með sama fjölda atkvæða og fjöldi aðildarríkja þeirra, sem eru aðilar að samningi þessum, segir til um. Slík stofnun skal ekki neyta atkvæðisréttar síns ef eitthvert aðildarríki hennar neytir atkvæðisréttar síns og öfugt.

45. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að tuttugasta skjalið um fullgildingu eða aðild hefur verið afhent til vörslu.
2. Gagnvart sérhverju ríki eða svæðisstofnun um samvinnu, sem fullgildir samning þennan, staðfestir hann formlega eða gerist aðili að honum eftir afhendingu tuttugasta skjalsins um slíka athöfn til vörslu, skal samningurinn öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að hlutaðeigandi ríki eða slík stofnun hefur afhent viðkomandi skjal sitt til vörslu.

46. gr.

Fyrirvarar.

1. Óheimilt er að gera fyrirvara sem eru ósamrýmanlegar markmiðum og tilgangi samnings þessa.
2. Heimilt er að draga fyrirvara til baka hvenær sem er.

47. gr.

Breytingar.

1. Sérhvert aðildarríki getur lagt fram breytingartillögu við samning þennan og sent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Aðalframkvæmdastjórinn skal senda aðildarríkjunum allar breytingartillögur, ásamt beiðni um að honum verði tilkynnt hvort þau séu því meðmælt að haldið verði þing aðildarríkja í því skyni að fjalla um þær og afgreiða. Komi í ljós, innan fjögurra mánaða frá því að aðalframkvæmdastjórinn sendir slíkar tillögur, að minnst þriðjungur aðildarríkjanna sé meðmæltur þinghaldi skal aðalframkvæmdastjórinn kalla þingið saman á vegum Sameinuðu þjóðanna. Aðalframkvæmdastjórinn skal senda allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sérhverja breytingartillögu, sem er samþykkt með tveimur þriðju hluta atkvæða þeirra aðildarríkja sem eiga fulltrúa sem eru viðstaddir og greiða atkvæði, til samþykktar og í framhaldi af því öllum aðildarríkjum til staðfestingar.
2. Breyting, sem er innleidd og samþykkt í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að fjöldi skjala um staðfestingu, sem hafa verið afhent til vörslu, jafngildir fjölda samningsríkja að tveimur þriðju þann dag þegar breytingin er samþykkt.

Eftir það öðlast breytingin gildi gagnvart hvaða aðildarríki sem er á þrítugasta degi eftir að það afhendir skjal sitt um staðfestingu til vörslu. Breyting er aðeins bindandi fyrir þau aðildarríki sem hafa staðfest hana.

3. Breyting, sem er innleidd og samþykkt í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og varðar 34., 38., 39. og 40. gr. einvörðungu, skal, ákveði þing aðildarríkja það einróma, öðlast gildi gagnvart öllum aðildarríkjum á þrítugasta degi eftir að fjöldi skjala um staðfestingu, sem hafa verið afhent til vörslu, jafngildir fjölda aðildarríkja að tveimur þriðju þann dag þegar breytingin er samþykkt.

48. gr.
Úrsögn.

Aðildarríki getur sagt sig frá samningi þessum með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Úrsögnin tekur gildi einu ári eftir þann dag þegar aðalframkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku.

49. gr.
Aðgengilegt form.

Texti samnings þessa skal liggja frammi í aðgengilegu formi.

50. gr.
Gildir textar.

Textar samnings þessa á arabísku, kínversku, ensku, frönsku, rússnesku og spænsku eru jafngildir.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórnanna sinna, undirritað samning þennan.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Með frumvarpi þessu er lagt til að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) verði lögfestur í heild sinni. Samningurinn um réttindi fatlaðs fólks (e. the Convention on the Rights of Persons with Disabilities) var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 13. desember 2006. Ísland undirritaði samninginn í mars 2007 og fullgilti hann í september 2016. Markmið samningsins er að efla, verja og tryggja full og jöfn mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk til jafns við aðra og efla virðingu fyrir eðlislægri reisn þeirra.

Í júní 2019 samþykkti Alþingi þingsályktun um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sbr. þingsályktun nr. 33/149. Í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs frá nóvember 2021 kemur einnig fram að lögfesta skuli samninginn á kjörtímabilinu.

Til að koma réttindum SRFF betur í framkvæmd og undirbúa lögfestingu samningsins hófst vinna við gerð landsáætlunar um innleiðingu samningsins haustið 2022. Sérstök verkefnisstjórn hefur haldið utan um vinnu við landsáætlunina, en í henni eiga sæti fulltrúar félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, forsætisráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, mennta- og barnamálaráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, innviðaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Geðhjálpar, Landssamtakanna Þroskahjálpar og ÖBÍ réttindasamtaka. Þar að auki voru 11 vinnuhópar sem störfuðu með verkefnisstjórninni, með fulltrúum hagsmunasamtaka, sveitarfélaga og ríkis. Einnig var stofnaður sérstakur vinnuhópur til að undirbúa lögfestingu samningsins. Lögð var rík áhersla á samráð við gerð landsáætlunar. Haldið var samráðsþing í Hörpu í febrúar 2023, auk þess sem félags- og vinnumarkaðsráðherra hélt tíu opna samráðsfundi víðs vegar um landið.

Landsáætlun um innleiðingu SRFF var samþykkt af Alþingi í mars 2024 í formi framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027, sbr. þingsályktun nr. 9/154. Í framkvæmdaáætluninni er m.a. að finna aðgerð um lögfestingu samningsins, sbr. aðgerð F.1.

SRFF kveður á um að til staðar þurfi að vera sjálfstæð innlend mannréttindastofnun (e. National Human Rights Institution) sem hefur eftirlit með samningnum, sbr. 2. mgr. 33. gr. samningsins. Hefur tilvist slíkrar stofnunar því verið talin forsenda þess að hægt sé að lögfesta samninginn í heild sinni. Í kjölfar þess að lög um Mannréttindastofnun Íslands, nr. 88/2024, voru samþykkt á Alþingi í júní 2024 hófst vinna við gerð frumvarps þessa.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Með fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur íslenska ríkið skuldbundið sig gagnvart öðrum aðildarríkjum til að uppfylla þær skyldur og tryggja þau réttindi sem kveðið er á um í samningnum. Á Íslandi er byggt á grunnreglunni um tvíeðli landsréttar og þjóðaréttar (e. dualism), sem felur í sér að alþjóðlegir samningar sem Ísland er aðili að verða ekki sjálfkrafa hluti af landsrétti, heldur þarf að innleiða þá með lagasetningu. Hér á landi hefur verið hefð fyrir því að aðlaga íslensk lög að alþjóðlegum mannréttindasamningum, fremur en að lögfesta þá í heild sinni. Enn fremur gildir sú almenna regla í íslenskum rétti að skýra skal lög til samræmis við alþjóðlegar skuldbindingar ríkisins. Þannig er almennt leitast við að efna þjóðréttarskuldbindingar Íslands án þess að gera samninga hluta af landsrétti berum orðum. Tveir alþjóðlegir mannréttindasamningar hafa þó verið lögfestir í heild sinni, annars vegar mannréttinasáttmáli Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 og hins vegar samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013 (barnasáttmálinn).

Frá því að SRFF var fullgiltur af Íslands hálfu hafa verið gerðar ýmsar lagabreytingar og ný lög sett sem miða að því að innleiða samninginn og aðlaga íslenska löggjöf að honum. Samningurinn hefur þó ekki lagagildi hér á landi. Í dómaframkvæmd má finna vísbendingar um að það myndi styrkja stöðu samningsins að lögfesta hann, en dæmi eru um dóma þar sem tekið er fram að samningurinn hafi ekki verið leiddur í lög hér á landi. Með frumvarpi þessu er lagt til að samningurinn verði lögfestur og þannig tryggt að hægt verði að beita honum sem fullgildri réttarheimild fyrir dómstólum og öðrum úrskurðaraðilum. Með því er leitast við að auka réttaráhrif samningsins og styrkja mannréttindi fatlaðs fólks á Íslandi. Má í því sambandi benda á að lögfesting fyrrnefndra samninga, mannréttinasáttmála Evrópu og barnasáttmálans, hefur styrkt stöðu þeirra umtalsvert og aukið vægi þeirra í íslenskri réttarframkvæmd.

3. Meginefni frumvarpsins.

3.1. Almenn

Með frumvarpinu er lagt til að heildartexti samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks öðlist lagagild hér á landi. Markmiðið með lögfestingunni er að auka réttaráhrif samningsins hér á landi og styrkja mannréttindi fatlaðs fólks.

Í SRFF má finna fjölmargar greinar sem miða að því að tryggja að fatlað fólk njóti í reynd allra mannréttinda sinna og gera þeim kleift að taka fullan og virkan þátt í samfélaginu til jafns við aðra. Til fatlaðs fólks samkvæmt samningnum teljast m.a. þau sem eru með langvarandi líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun og sem verða fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra. Samningurinn á því við um stóran og fjölbreyttan hóp fólks.

SRFF felur almennt ekki í sér ný efnisréttindi, heldur tryggir réttindi sem nú þegar njóta verndar í öðrum mannréttindasamningum. Þó að aðrir mannréttindasamningar eigi að tryggja réttindi allra, óháð fötlun, hefur fatlað fólk í gegnum tíðina verið líklegra til að njóta ekki mannréttinda sinna í raun og veru og jafnframt átt erfiðara með að sækja rétt sinn. Var því talið nauðsynlegt að útfæra réttindi fatlaðs fólks í sérstökum mannréttindasamningi, sem miðar m.a. að því að tryggja jafnrétti, koma í veg fyrir mismunun á grundvelli fötlunar, stuðla að inngildingu, tryggja virka þátttöku fatlaðs fólks og fjarlægja hindranir sem fatlað fólk mætir í samfélaginu.

3.2. Íslensk þýðing á samningnum

Gerðar hafa verið nokkrar þýðingar á SRFF. Lengi vel var opinbera þýðing samningsins sú sem fylgdi tillögu þeirri er varð að þingsályktun nr. 61/145 um fullgildingu samningsins. Við vinnu við skrif á fyrstu skýrslu Íslands um framkvæmd samningsins, sem hófst árið 2018, kom fljótt í ljós að gildandi þýðing væri ekki í nógu góðu samræmi við frumtexta samningsins og þá hugmyndafræði sem hann boðar. Var því ákveðið að endurskoða þýðinguna, með aðstoð sérfræðings í réttindum fatlaðs fólks og í samráði við hagsmunasamtök og fræðasamfélagið. Ný þýðing var samþykkt í maí 2021 með þingsályktun nr. 21/151. Er sú þýðing lögð til grundvallar í frumvarpi þessu.

3.3. Samningurinn um réttindi fatlaðs fólks

3.3.1. Tilurð samningsins

Fyrir tilkomu SRFF hafði þegar verið unnið allnokkuð starf í þágu réttinda fatlaðs fólks á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Árið 1975 var yfirlýsing um réttindi fatlaðs fólks (e. Declaration on the Rights of Disabled Persons) samþykkt af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, en hún fól í sér formlega viðurkenningu á því að fatlað fólk ætti sömu mannréttindi og aðrir. Árið 1982 var samþykkt framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks (e. World Program of Action concerning Disabled Persons), sem lagði áherslu á rétt fatlaðs fólks til þátttöku í samfélaginu til jafns við aðra. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins var svo samþykktur árið 1989, en hann er fyrsti alþjóðlegi mannréttindasamningurinn sem hefur að geyma sérstakt ákvæði um réttindi fatlaðs fólks, sbr. 23. gr. samningsins um réttindi fatlaðra barna. Loks voru meginreglur Sameinuðu þjóðanna um jöfnun tækifæra fyrir fatlað fólk samþykktar í desember 1993, en segja má að þær hafi verið undanfari SRFF.

Þó að fyrrnefndir gerningar hafi falið í sér aukna viðurkenningu á réttindum fatlaðs fólks voru þeir ekki bindandi að þjóðarétti. Enn fremur voru aðrir alþjóðlegir

mannréttindasamningar ekki taldir nógu vel til þess fallnir að vernda réttindi fatlaðs fólks, þar sem þeir taka ekki nægilegt tillit til reynslu og veruleika fatlaðs fólks. Var því talið nauðsynlegt að ganga lengra og hefa undirbúning að nýjum mannréttindasamningi um réttindi fatlaðs fólks. Í desember 2001 kom allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna á fót vinnuhóp til að semja slíkan samning, sem varð loks að veruleika með samþykkt SRFF í desember 2006.

3.3.2. Staða samningsins á Íslandi

SRFF var undirritaður fyrir Íslands hönd 30. mars 2007, sama dag og opnað var fyrir undirskriftir á samningnum. Með undirritun samningsins gaf ríkið til kynna áform sín um að undirgangast skuldbindingar samkvæmt samningnum. Samningurinn var fullgiltur fyrir Íslands hönd 23. september 2016, sbr. auglýsing í C-deild Stjórnartíðinda nr. 5/2016. Fullgilding felur sem fyrr segir í sér að íslenska ríkið er skuldbundið til þess að koma þeim réttindum sem kveðið er á um í samningnum í framkvæmd.

Áður en alþjóðlegir samningar eru fullgiltir fyrir Íslands hönd þarf að gæta þess að landsréttur stangist ekki á við inntak þeirra. Þarf því að fara fram almenn athugun á því hvort gera þurfi einhverjar lagabreytingar til að aðlaga landsrétt að viðkomandi þjóðréttar-skuldbindingu. Undirbúningur að fullgildingu SRFF tók lengri tíma en áætlað var vegna umfangs verkefnisins. Fjölmörg ráðuneyti komu að undirbúningnum og fóru yfir löggjöf hvert á sínu sviði til að kanna hvaða lagabreytingar þyrfti að gera til að aðlaga íslensk lög að samningnum. Í þeirri vinnu var haft víðtækt samráð við hagsmunasamtök fatlaðs fólks og aðra hagsmunaaðila. Með lögum nr. 115/2015 um breytingu á ýmsum lögum til undirbúnings fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks voru gerðar orðalagsbreytingar á fjölda lagaákvæða til að samræma þau hugtakanotkun samningsins, auk ýmissa efnislegra lagabreytinga. Enn fremur voru gerðar breytingar á ýmsum öðrum lögum og ný lög sett til að uppfylla betur skyldur Íslands samkvæmt SRFF. Má þar t.d. nefna lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, en í 3. mgr. 1. gr. þeirra laga er sérstaklega tekið fram að við framkvæmd laganna skuli framfylgja þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Frá fullgildingu SRFF hefur samningurinn haft töluverð áhrif við lagasetningu og stefnumótun. Á undanförunum árum hefur einnig verið unnið markvisst að því að koma réttindum SRFF í framkvæmd. Fyrsta landsáætlunin um innleiðingu samningsins var samþykkt á Alþingi í mars 2024. Áætlunin byggist á þeirri framtíðarsýn og þeim meginreglum sem fram koma í SRFF og er henni ætlað að vera hluti af heildstæðri stefnumótun þegar kemur að réttindum fatlaðs fólks. Í áætluninni má finna 60 aðgerðir sem miða að því að uppfylla greinar samningsins, en þær skiptast í eftirfarandi sex flokka:

- A. Vitundarvakningu og fræðslu.
- B. Aðgengi.
- C. Sjálfstætt líf.
- D. Menntun og atvinnu.
- E. Þróun þjónustu.
- F. Lögfestingu.

Stefnt er að því að halda áfram vinnu við landsáætlun um innleiðingu SRFF til ársins 2030. Fyrirnefnd verkefnisstjórn um gerð landsáætlunar hefur það hlutverk að fylgja eftir innleiðingu og framkvæmd áætlunarinnar og mun halda árlegt samráðsþing þar sem lagt verður mat á

stöðu aðgerða og hugsanlega kallað eftir nýjum eða breyttum aðgerðum í ljósi stöðunnar hverju sinni.

3.3.3. Hugmyndafræði

Á undanföllum áratugum hefur mikil þróun átt sér stað þegar kemur að viðhorfum til fatlaðs fólks og réttinda þeirra. Lengi vel var horft á fötlun út frá lækisfræðilegu sjónarhorni, sem felur í sér að litið er á fatlað fólk sem „frávik“ frá öðru fólki sem æskilegt er að lækna eða endurhæfa til að það falli betur að samfélaginu. Einnig er gengið út frá því að lífsgæði fatlaðs fólks séu verri en annarra. Með tímanum hefur viðhorfið þróast yfir í hið félagslega sjónarhorn á fötlun, þar sem lögd er megináhersla á þær hindranir sem fatlað fólk mætir í samfélaginu. Þannig er litið svo á að fötlun megi fyrst og fremst rekja til umhverfis og neikvæðra viðhorfa til fatlaðs fólks, fremur en til skerðingar einstaklingsins. Á sama tíma er bent á mikilvægi þess að taka tillit til hugsanlegra neikvæðra áhrifa skerðingar og persónulegrar reynslu fatlaðs fólks í þeirra daglega lífi. Nú er því almennt litið svo á að fötlun verði til vegna samspils umhverfis og viðhorfa í samfélaginu annars vegar og skerðingar einstaklingsins hins vegar. Þetta viðhorf endurspeglast í SRFF, en í formálsorðum samningsins kemur fram að hugtakið fötlun sé í þróun og að fötlun sé afsprengi milli fólks með skerðingar annars vegar og umhverfis og viðhorfa hins vegar, sem hindra fulla og árangursríka samfélagsþátttöku þess til jafns við aðra.

SRFF markaði mikil tímamót í mannréttindabaráttu fatlaðs fólks, þar sem hann boðar nýja og breytta sýn á fötlun. Litið er á fötlun sem hluta af mannlegum fjölbreytileika fremur en „frávik“. Samningurinn byggir á svokölluðu mannréttindasjónarhorni á fötlun og réttarstöðu fatlaðs fólks, sem leggur áherslu á þau siðferðilegu gildi sem búa að baki mannréttindum og rétt fatlaðs fólks til þess að njóta sömu mannréttinda og aðrir.

3.3.4. Megininntak

SRFF er fyrst og fremst samningur um jafnrétti og bann við mismunun. Jafnrétti er þannig rauði þráðurinn í gegnum allar greinar samningsins. Samningnum er ekki ætlað að búa til ný efnisréttindi fyrir fatlað fólk, heldur tryggja að fatlað fólk geti í reynd notið mannréttinda sinna og tekið virkan þátt í samfélaginu, til jafns við ófatlað fólk.

SRFF tryggir fötluðu fólki víðtæk mannréttindi, bæði borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi og efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Samningurinn samanstendur af formála og 50 efnisgreinum. Formálinn er ekki eiginlegur hluti af samningnum og því ekki formlega bindandi fyrir aðildarríki. Hann veitir þó ákveðnar leiðbeiningar um túlkun samningsins og inntak hans.

Í 1. gr. SRFF kemur fram að markmið samningsins sé að efla, verja og tryggja að allt fatlað fólk njóti til fulls og til jafns við aðra allra mannréttinda og grundvallarfrelsis og að efla virðingu fyrir eðlislægri reisn þeirra. Þá er í 2. mgr. 1. gr. að finna skilgreiningu á hugtakinu fötlun. Í 2. gr. má svo finna skilgreiningar á ýmsum lykilhugtökum samningsins.

Í 3. gr. samningsins má finna almennar meginreglur (e. general principles) samningsins. Meginreglurnar ganga eins og rauður þráður í gegnum allan samninginn og er mikilvægt að hafa þær í huga þegar aðrar greinar samningsins eru túlkaðar. Almennu meginreglurnar eru eftirfarandi:

- a) virðing fyrir eðlislægri reisn, sjálfræði einstaklinga, þ.m.t. frelsi til að taka eigin ákvarðanir, og sjálfstæði einstaklinga,
- b) bann við mismunun,
- c) full og árangursrík þátttaka í samfélaginu án aðgreiningar,

- d) virðing fyrir fjölbreytni og viðurkenning á fötluðu fólki sem hluta af mannlegum margbreytileika og mannkyni,
- e) aðgengi,
- f) jafnrétti á milli karla og kvenna,
- g) virðing fyrir stigvaxandi getu fatlaðra barna og virðing fyrir rétti þeirra til að varðveita sjálfsmynd sína.

Í 4. gr. SRFF er kveðið á um almennar skuldbindingar ríkis á grundvelli samningsins. Í 1. mgr. ákvæðisins er fjallað um ráðstafanir sem ríkið þarf að grípa til í þeim tilgangi að efla og tryggja að fullu öll mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi. Nokkur greinarmunur er þó gerður á skyldum ríkisins eftir flokkum réttinda. Í 2. mgr. ákvæðisins er tekið fram að aðildarríki skuldbindi sig til að gera ráðstafanir, eins og efni þess frekast leyfa, í því skyni að efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi verði í einu og öllu virk í áföngum. Þannig gerir samningurinn ráð fyrir því að ríki hafi ákveðið svigrúm til að tryggja þessi réttindi í áföngum. Í því sambandi þurfa ríki þó ávallt að huga að almennum meginreglum samningsins og þá ekki síst jafnrétti og banni við mismunun.

Í 5. til 30. gr. SRFF má finna efnisgreinar samningsins, þar sem fjallað er um öll helstu mannréttindi og áhersla lögð á rétt fatlaðs fólks til þess að njóta þeirra til jafns við aðra, án mismununar. Efnisákvæði SRFF eru eftirfarandi:

- Jafnrétti og bann við mismunun (5. gr.).
- Fatlaðar konur (6. gr.).
- Fötluð börn (7. gr.).
- Vitundarvakning (8. gr.).
- Aðgengi (9. gr.)
- Réttur til lífs (10. gr.)
- Aðstæður sem skapa hættu og neyðarástand sem kallar á mannúðaraðstoð (11. gr.).
- Jöfn viðurkenning fyrir lögum (12. gr.).
- Aðgangur að réttinum (13. gr.).
- Frelsi og öryggi einstaklingsins (14. gr.).
- Frelsi frá pyndingum eða grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (15. gr.)
- Frelsi frá misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingum (16. gr.).
- Verndun friðhelgi einstaklingsins (17. gr.)
- Ferðafrelsi og ríkisfang (18. gr.).
- Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu (19. gr.).
- Ferlimál einstaklinga (20. gr.).
- Tjáningar- og skoðanafrelsi og aðgangur að upplýsingum (21. gr.)
- Virðing fyrir einkalífi (22. gr.).
- Virðing fyrir heimili og fjölskyldu (23. gr.).
- Menntun (24. gr.).
- Heilbrigði (25. gr.).
- Hæfing og endurhæfing (26. gr.).
- Vinna og starf (27. gr.).
- Viðunandi lífsskjör og félagsleg vernd (28. gr.).
- Þátttaka í stjórnámum og opinberu lífi (29. gr.).
- Þátttaka í menningarlífi, tómstunda-, frístunda- og íþróttastarfi (30. gr.).

Jafnrétti og bann við mismunun er, líkt og áður hefur komið fram, hornsteinn þeirra réttinda sem samningurinn kveður á um. Mismunun á grundvelli fötlunar merkir samkvæmt samningnum hvers konar greinarmun útilokun eða takmörkun á grundvelli fötlunar sem hefur þann tilgang eða þau áhrif að torvelda eða koma í veg fyrir að öll mannréttindi og grundvallarfrelsi séu viðurkennd, þeirra sé notið eða þau séu nýtt, á jafnréttisgrundvelli, á sviði stjórn mála, efnahagsmála, félagsmála og menningarmála, sem borgari eða á öðrum sviðum. Hugtakið tekur til mismununar í hvaða mynd sem er, þ.m.t. þegar fötluðu fólki er neitað um viðeigandi aðlögun. Með viðeigandi aðlögun er átt við að gerðar séu nauðsynlegar og viðeigandi breytingar og lagfæringar, sem eru ekki umfram það sem eðlilegt má teljast eða of íþyngjandi, þar sem þeirra er þörf í sérstöku tilviki, til þess að tryggt sé að fatlað fólk fái notið eða geti nýtt sér, til jafns við aðra, öll mannréttindi og grundvallarfrelsi.

Í SRFF er lögð rík áhersla á jafna viðurkenningu fatlaðs fólks fyrir lögum, persónufrelsi og friðhelgi einkalífs, enda hefur fatlað fólk oft þurft að sæta skerðingu á þessum réttindum í framkvæmd. Samningurinn leggur einnig áherslu á aðgengi, inngilding og réttinn til sjálfstæðs lífs, sem miða að því að tryggja rétt fatlaðs fólks til að taka fullan og virkan þátt á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra. Lykilforsenda þessara réttinda er algild hönnun þ.e. að vörur, umhverfi, áætlanir og þjónusta sé hönnuð þannig að allt fólk geta nýtt sér hana, án þess að koma þurfi til umbreytinga eða sérstakrar hönnunar. Enn fremur þarf að tryggja virka þátttöku fatlaðs fólks, þar á meðal fatlaðra barna, í lagasetningu, stefnumótun og öðrum ákvörðunum sem varða málefni fatlaðs fólks

Ein af forsendum þess að þau réttindi sem kveðið er á um í SRFF verði að veruleika í daglegu lífi fatlaðs fólks er fullnægjandi þekking á samningnum og breytt viðhorf til fatlaðs fólks meðal opinberra aðila, fagfólks og almennings. Í samningnum er því lögð sú skylda á aðildarríki að stuðla að vitundarvakningu um samninginn á öllum sviðum samfélagsins og vinna gegn staðalímyndum og fordómum.

3.3.5. Framkvæmd og eftirlit

Í 31. til 40. gr. SRFF er fjallað um innleiðingu, eftirlit með framkvæmd samningsins og ýmiss konar alþjóðlega samvinnu á grundvelli hans. Í 31. gr. SRFF er lögð sú skylda á aðildarríki að safna viðeigandi upplýsingum, m.a. tölfræðilegum gögnum, sem gera þeim kleift að móta og framfylgja stefnum til að koma samningnum í framkvæmd.

Eftirlit með samningnum er í höndum nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks en hlutverk hennar er að fylgjast með framkvæmd SRFF, sbr. 34. til 39. gr. samningsins. Sérhverju aðildarríki ber að senda nefndinni heildstæða skýrslu um framkvæmd samningsins og þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til í því skyni að efna skuldbindingar þess samkvæmt samningnum. Fyrstu skýrslu skal skila innan tveggja ára frá því að samningurinn öðlast gildi og síðan eigi síðar en á fjögurra ára fresti eftir það. Nefndin fjallar um sérhverja skýrslu og gefur í kjölfarið út almenn tilmæli til aðildarríkis í formi lokaathugasemda. Ísland skilaði fyrstu skýrslu sinni til nefndarinnar árið 2021, en hún hefur enn ekki verið tekin til umfjöllunar af nefndinni.

Samkvæmt SRFF þurfa aðildarríki einnig að tryggja innlent eftirliti með framkvæmd samningsins. Aðildarríki skulu samkvæmt 1. mgr. 33. gr. samningsins tilnefna einn eða fleiri aðila innan stjórnarsýslunnar sem annast eftirlit með innleiðingu samningsins. Samkvæmt 3. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011, starfar sérstök réttindavakt innan félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins sem hefur ákveðnu hlutverki að gegna þegar kemur að eftirfylgni með réttindum fatlaðs fólks. Á vettvangi sama ráðuneytis starfar auk þess fyrrnefnd

verkefnisstjórn um landsáætlun um innleiðingu samningsins, sem hefur það hlutverk að fylgja því eftir að réttinum samningsins sé komið í framkvæmd hér á landi. Loks hefur sérstakur stýrihópur Stjórnarráðsins um mannréttindi verið starfandi frá árinu 2017, þar sem eiga sæti fulltrúar allra ráðuneyta. Hópurinn er formlegur samráðs- og samstarfsvettvangur ráðuneyta um öll mannréttindamál. Eitt af meginhlutverkum hópsins er að fylgja eftir athugasemdum og tilmælum frá alþjóðlegum eftirlitsaðilum, þar á meðal lokaathugasemdum sem munu berast frá nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Samkvæmt 2. mgr. 33. gr. samningsins þurfa aðildarríki enn fremur að koma á fót einu eða fleiri sjálfstæðum kerfum, sem uppfylla Parísarviðmið Sameinuðu þjóðanna um mannréttindastofnanir, til þess að fara með ytra eftirlit með framkvæmd SRFF. Í júní 2024 voru samþykkt lög um Mannréttindastofnun Íslands, nr. 88/2024. Lögin gera ráð fyrir því að 1. janúar 2025 taki til starfa sjálfstæð mannréttindastofnun hér á landi, sem uppfylli fyrrnefnd Parísarviðmið. Í 4. mgr. 2. gr. laganna er sérstaklega tekið fram að Mannréttindastofnun Íslands skuli hafa eftirlit með framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í athugasemdum með því ákvæði er tekið fram að til þess að gegna þessu hlutverki þurfi stofnunin að huga að meginreglum SRFF og gæta þess að tryggja virka þátttöku fatlaðs fólks, þ.m.t. fatlaðra barna. Mannréttindastofnun Íslands mun jafnframt sinna réttindagæslu fyrir fatlað fólk og réttindagæslumenn fatlaðs fólks munu starfa innan stofnunarinnar, sbr. 9. gr. laganna.

3.3.6. Almennar athugasemdir

Auk þess að hafa eftirlit með framkvæmd SRFF hefur nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks það hlutverk að veita aðildarríkjum leiðbeiningar um túlkun samningsins. Eins og aðrar sambærilegar nefndir sem starfa á grundvelli mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna gefur nefndin út svokallaðar almennar athugasemdir (e. general comments) sem fela í sér ítarlega umfjöllun um einstök ákvæði samningsins og veita mikilvægar leiðbeiningar um inntak hans.

Í október 2024 hefur nefndin gefið út átta almennar athugasemdir:

1. Almenn athugasemd nr. 1 um jafna viðurkenningu fyrir lögum (12. gr.).
2. Almenn athugasemd nr. 2 um aðgengi (9. gr.).
3. Almenn athugasemd nr. 3 um fatlaðar konur og stelpur (6. gr.).
4. Almenn athugasemd nr. 4. um menntun án aðgreiningar (24. gr.).
5. Almenn athugasemd nr. 5 um réttinn til sjálfstæðs lífs (19. gr.).
6. Almenn athugasemd nr. 6 um jafnrétti og bann við mismunun (5. gr.).
7. Almenn athugasemd nr. 7 um þátttöku fatlaðs fólks, þar á meðal fatlaðra barna, í gegnum hagsmunasamtök þeirra, við innleiðingu og eftirlit með samningnum (3. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 33. gr.).
8. Almenn athugasemd nr. 8 um vinnu og starf (27. gr.).

3.3.7. Valfrjáls bókun

Á sama tíma og allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti SRFF í desember 2006 var einnig samþykkt valfrjáls bókun við samninginn (e. Optional Protocol to the Convention on the Rights of Persons with Disabilities). Í október 2024 höfðu alls 106 ríki fullgilt bókunina, þar á meðal Danmörk, Svíþjóð og Finnland. Bókunin var undirrituð fyrir Íslands hönd á sama tíma og samningurinn, 30. mars 2007, en hún hefur ekki verið fullgilt. Alþingi samþykkti þingsályktun um fullgildingu bókunarinnar árið 2016, samhliða fullgildingu samningsins, sbr. þingsályktun nr. 61/145. Einnig má finna aðgerð um fullgildingu bókunarinnar í fyrrnefndri

framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024 til 2027, sbr. aðgerð F.2. Fyrirhugað er að fullgilda bókunina fyrir Íslands hönd og er undirbúningur að því ferli þegar hafinn.

Valfrjálsa bókunin við SRFF felur í sér heimild einstaklinga eða hópa einstaklinga til að beina kvörtunum vegna brota á samningnum um réttindi fatlaðs fólks til nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Eftirlitsnefndin getur tekið kvörtun til meðferðar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, en m.a. er kannað hvort mál varði réttindi sem kveðið er á um í samningnum og hvort þegar hafi verið reynt að nýta þau úrræði sem er í boði samkvæmt íslenskum lögum til að ná fram þeim réttindum t.d. með því að fara með mál fyrir dómstóla. Eftir að mál hefur verið tekið til umfjöllunar gefur nefndin út álit. Álitid er ekki bindandi, en ríki þurfa að veita nefndinni upplýsingar um hvernig ætlunin er að bregðast við álitinu.

3.3.8. Staða samningsins í öðrum löndum

Alls höfðu 190 aðildarríki Sameinuðu þjóðanna fullgilt SRFF 1. október 2024. Þar að auki er Evrópusambandið aðili að samningnum.

Öll Norðurlöndin hafa fullgilt samninginn. Svíþjóð fullgilti samninginn árið 2008, Danmörk árið 2009, Noregur árið 2013 og Finnland árið 2016. Samningurinn hefur hins vegar ekki verið lögfestur í heild sinni annars staðar á Norðurlöndum.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að alþjóðlegur mannréttindasamningur, sem Ísland er aðili að, verði lögfestur í heild sinni. Samningurinn felur ekki í sér ný réttindi fyrir fatlað fólk, heldur miðar að því að útskýra með hvað hætti aðildarríki geta tryggt rétt fatlaðs fólks til að njóta mannréttinda sinna. Samningurinn er því til fyllingar öðrum mannréttindasamningum sem Ísland er aðili að. Er frumvarpið því mikilvægur liður í að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

Markmiðið með lögfestingu SRFF er að styrkja mannréttindi fatlaðs fólks og koma í veg fyrir mismunun á grundvelli fötlunar. Samræmist frumvarpið því vel mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar og þá ekki síst jafnræðisreglu 65. gr.

5. Samráð.

Frumvarpið varðar fyrst og fremst fatlað fólk og aðstandendur þeirra. Í fyrrnefndri framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024 til 2027 má finna aðgerð um lögfestingu SRFF, sbr. aðgerð F.1. Áætlunin var unnin af verkefnisstjórn um gerð landsáætlunar um innleiðingu SRFF, þar sem eiga sæti fulltrúar Geðhjálpar, Landssamtakanna Þroskahjálpar, ÖBÍ réttindasamtaka, Sambands íslenskra sveitarfélaga og ráðuneyta. Fulltrúar hagsmunasamtaka fatlaðs fólks leiddu vinnuhópa sem mótuðu þær aðgerðir sem settar eru fram í áætluninni, þar á meðal um lögfestingu SRFF. Vinnuhóparnir kynntu tillögur sínar á samráðsþingi í Hörpu í febrúar 2023, þar sem viðstaddir fengu tækifæri til þess að leggja mat sitt á þær tillögur. Enn fremur voru haldnir tíu opnir samráðsfundir með félags- og vinnumarkaðsráðherra og hagsmunasamtökum á tímabilinu maí til ágúst 2023. Níu fundir voru haldnir vítt og breitt um landið og einn rafrænt.

Áform um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks voru til kynningar á samráðsgátt stjórnvalda frá 25. september til 7. október 2024. Áformin voru einnig rædd sérstaklega á fundi verkefnisstjórnar um gerð landsáætlunar um innleiðingu SRFF. Alls bárust fimm umsagnir um áformin, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga,

byggðarráði Skagafjarðar, NPA miðstöðinni, Landssamtökunum Þroskahjálp og ÖBÍ réttindasamtökum. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur fram að með lögfestingu SRFF muni fatlaðir einstaklingar geta byggt ríkari rétt á ákvæðum sammingsins. Telur sambandið því líkur á því að þjónusta sveitarfélaga í málaflokknum verði umfangsmeiri og kostnaðarsamari. Tekið er fram að sveitarfélög landsins styðji heils hugar að fatlað fólk njóti allra þeirra réttinda sem SRFF kveður á um. Til þess að svo megi verða þurfi hins vegar að tryggja að sveitarfélög hafi fjárhagslega burði til að sinna þeirri þjónustu sem gerð er krafa um. Í umsögn byggðarráðs Skagafjarðar er því fagnað að til standi að lögfesta SRFF. Hins vegar er bent á sveitarfélög greiði nú þegar milljarða króna árlega til málaflokksins umfram tekjustofna og framlaga frá ríkissjóði og því brýnt að tryggja tafarlausa leiðréttindi á rekstri málaflokksins samhliða lögfestingu sammingsins. Líkt og áður hefur komið fram er íslenska ríkið þegar skuldbundið til þess að koma öllum þeim réttindum sem kveðið er á um í samningnum í framkvæmd. Er því ekki gert ráð fyrir því að frumvarpið hafi áhrif á fjárhag sveitarfélaga, umfram það sem nú þegar leiðir af lögbundnum skyldum þeirra til að tryggja réttindi fatlaðs fólks. Starfshópur um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk hefur skilað tveimur skýrslum þar sem fjallað er um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk. Á grundvelli fyrri áfangaskýrslu hópsins gerðu ríki og sveitarfélög í desember 2023 með sér samkomulag sem fól í sér breytingu á fjármögnun lögbundinnar sértækrar þjónustu við fatlað fólk samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir. Það samkomulag færði sveitarfélögum tæplega 12 ma. kr. tekjuhækkun á ársgrundvelli. Síðari skýrsla starfshópsins var afhent ráðherra í september sl., þar sem lagðar eru fram tillögur er varða frekari ábyrgðar- og kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga um þjónustu við fatlað fólk.

Landssamtökin Þroskahjálp benda á að lögfesting SRFF muni fela í sér aukna vernd fyrir mannréttindi fatlaðs fólks og stuðla að aukinni þekkingu á samningnum. Þau taka jafnframt fram að SRFF og heimsmarkmið SP séu öflug tæki fyrir íslensk stjórnvöld til að tryggja að fatlað fólk fái notið mannréttinda sinna til jafns við aðra. NPA miðstöðin lýsir sömuleiðis yfir stuðningi við áform um lögfestingu SRFF. Miðstöðin bendir á að það sé tímabært að tryggja að ákvæði sammingsins verði fullgild réttarheimild sem hafi beint réttaráhrif hér á landi. Auk þess er bent á að rétt sé að lögfesta einnig valfrjálsa bókun við samninginn. ÖBÍ réttindasamtök benda á að lögfesting sammingsins muni eyða ákveðinni réttaróvissu og fela í sér umtalsverða réttarbót fyrir fatlað fólk á Íslandi. Einnig er áréttað mikilvægi þess að fullgilda valfrjálsa bókun við samninginn. Líkt og fram hefur komið er stefnt að því að fullgilda valfrjálsa bókun við samninginn fyrir Íslands hönd. Bókunin felur ekki í sér nein ný efnisréttindi, heldur opnar fyrir möguleika einstaklinga eða hópa einstaklinga til að beina kvörtunum vegna brota á samningnum til nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Fullgilding mun opna að fullu fyrir slíka kæruleið og því ekki talin þörf á að lögfesta bókunina.

Drög að frumvarpinu voru birt til umsagnar á samráðsgátt stjórnvalda dagana 11. október til 25. október.

6. Mat á áhrifum.

Um er að ræða lögfestingu á mannréttindasamningi, sem þegar verið fullgiltur hér á landi og innleiddur í ýmis lög og lagaframkvæmd. Er því ekki gert ráð fyrir því að frumvarpið hafi áhrif á fjárhag ríkissjóðs, hvort sem það kunna að vera breytingar á ríkistekjum, útgjöldum eða eignastöðu. Sömuleiðis er sem fyrr segir ekki gert ráð fyrir því að frumvarpið hafi áhrif á

fjárhag sveitarfélaga, umfram það sem nú þegar leiðir af skyldum sveitarfélaga til að tryggja réttindi fatlaðs fólks.

Lögfesting SRFF er fyrst og fremst ætlað að auka réttaráhrif samningsins og styrkja réttindi fatlaðs fólks hér á landi. Fatlað fólk er afar fjölbreyttur hópur, á öllum aldri, af ólíkum uppruna og með búsetu víðsvegar um landið. Mun frumvarpið því hafa jákvæð áhrif á viðtækan hóp fólks úr mismunandi þjóðfélagshópum. Frumvarpið mun einnig auka þekkingu á SRFF meðal opinberra aðila, fagfólks, félagasamtaka og almennings. Til viðbótar við aukin réttaráhrif felur lögfesting SRFF í sér að við allar breytingar á gildandi lögum og setningu nýrra laga verði tekið mið af samningnum. Þannig mun hugtakanotkun verða uppfærð til samræmis við þá hugmyndafræði sem hann felur í sér.

Jafnréttismat var unnið við vinnslu frumvarpsins. Lögfesting SRFF mun hafa jákvæð áhrif á réttindi alls fatlaðs fólks, óháð kyni. Í 5. gr. samningsins má finna ákvæði um jafnrétti og bann við mismunun, sem miðar að því að tryggja að fatlað fólk verði ekki fyrir mismunun og að gripið sé til ráðstafana til að tryggja raunverulegt jafnrétti fyrir fatlað fólk. Fatlaðar konur og stúlkur eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu, þar sem þær eiga í hættu á að verða fyrir fjölbættri mismunun. Í 6. gr. SRFF er að finna sérstakt ákvæði um fatlaðar konur, en þar segir m.a. að gera skuli sérstakar ráðstafanir til þess að fatlaðar konur og stúlkur fái notið til fulls allra mannréttinda og grundvallarfrelsis til jafns við aðra. Jafnframt skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fullu þróun, framgang og valdeflingu kvenna í því skyni að tryggt sé að þær geti nýtt sér og notið þeirra mannréttinda og grundvallarfrelsis sem samningur þessi kveður á um. Frumvarpið mun því stuðla að auknu jafnrétti kynjanna og aukinni réttarvernd fyrir fatlaðar konur og stúlkur.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um markmið frumvarpsins. Í fyrsta lagi er í ákvæðinu undirstrikað að meginmarkmið með lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sé að styrkja mannréttindi fatlaðs fólks á Íslandi. SRFF er öflugt tæki í réttindabaráttu fyrir fatlað fólk. Samningurinn byggir á svokölluðu mannréttindasjónarhorni á fötlun, sem felur í sér að ekki sé litið á fatlað fólk sem „frávik“ heldur hluta af mannlegum fjölbreytileika sem beri að fagna. Þannig er lögð áhersla á að ekki sé þörf á því að breyta einstaklingum til að aðlaga þá samfélaginu, heldur eigi að byggja upp samfélag þar sem tekið er mið af ólíkum þörfum einstaklinga.

Í ákvæðinu er í öðru lagi tekið fram að markmið frumvarpsins sé að tryggja að fatlað fólk njóti til fulls allra mannréttinda sinna. Það orðalag tekur að nokkru leyti mið af 1. gr. SRFF, en þar segir að markmið samningsins sé að efla, verja og tryggja að allt fatlað fólk njóti til fulls og til jafns við aðra allra mannréttinda og grundvallarfrelsis og að efla virðingu fyrir eðlislægri reisu þess. Í þriðja lagi er tekið fram að með frumvarpinu sé leitast við að tryggja að fatlað fólk geti tekið virkan þátt í samfélaginu til jafns við aðra. Endurspeglar það orðalag þá ríku áherslu sem SRFF leggur á rétt fatlaðs fólks til að taka virkan og jafnan þátt í samfélaginu, á eigin forsendum.

Um 2. gr.

Með ákvæðinu er samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks veitt lagagildi á Íslandi. Frumvarpið felur í sér að samningurinn í heild verður hluti af landsrétti og þar með

fullgild réttarheimild. Verður því hægt að bera öll ákvæði samningsins fyrir sig eins og hverja aðra réttarreglu, s.s. fyrir dómstólum og stjórnvöldum. Mun slíkt auka réttaráhrif samningsins umtalsvert og auka vægi samningsins í framkvæmd.

Með samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er átt við samninginn um réttindi fatlaðs fólks, sem samþykktur var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 13. desember 2006 (A/RES/61/106) og fullgiltur fyrir Íslands hönd 23. september 2016, sbr. auglýsing í C-deild Stjórnartíðinda nr. 5/2016. Texti samningsins í heild er birtur í fylgiskjali með frumvarpinu og er þar stuðst við þá þýðingu sem samþykkt var í maí 2021 með þingsályktun nr. 21/151

Í ákvæðinu er farin sú leið að taka ekki orðrétt upp öll ákvæði samningsins í frumvarpinu sjálfu, heldur birta texta samningsins í fylgiskjali. Er þetta sú leið sem hefur verið farin í öðrum lögum sem hafa veitt ákvæðum þjóðréttarsamninga sem Ísland er aðili að lagagildi, svo sem í lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994 og lögum um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 19/2013.

Um 3. gr.

Ákvæðið kveður á um gildistöku.